Náttúrustofa Vesturlands

Starfsemi 2011 - 2016

Náttúrustofa Vesturlands

Starfsemi 2011 - 2016

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson

Júní 2018
Umbrot: Menja von Schmalensee
Kápumynd: Daníel Bergmann, www.danielbergmann.com
Ljósmyndir: sjá myndaskrá bls. 58
Prentun: GuðjónÓ - vistvæna prentsmiðjan
Heimasíða Náttúrustofu Vesturlands: www.nsv.is

Náttúrustofa Vesturlands

Efnisyfirlit

Ávarp 3
Náttúrustofur 4
Náttúrustofa Vesturlands 5
Fjármál 6
Starfsfólk 7
Samstarf 10
Helstu verkefni tímabilsins 11
Rannsóknir 11
Spendýr 11
Fuglar 16
Síldardauði og afleiðingar hans 21
Aðrar rannsóknir 24
Umhverfis- og náttúruvernd 26
Seta í nefndum, stjórnum og starfshópum 26
Umhverfisvottun sveitarfélaga 30
Umhverfishópur Stykkishólms 32
Breiðafjarðarnefnd 34
Umsagnir 34
Rannsóknaáætlun vegna áhrifa þörungatekju á lífríki 34
Fræðsla 36
Fyrirlestrahald 36
Skrif 36
Kennsla og önnur samvinna við skóla 37
Heimasíða 38
Fugla- og náttúruskoðun 38
Fræðsluskilti 38
Fuglasýning í Safnahúsi Borgarfjarðar 38
Heimildir um náttúrufar 39
Vísindaveisla 39
Heimildamynd um rannsóknir 39
Ýmis önnur verkefni 40
Villt dýr í neyð 40
Eftirlit með náttúru 42
Efling Náttúrustofunnar 42
Sí- og endurmenntun starfsmanna 44
Almennur rekstur 45
Stuðningur við nærsamfélagið 45
Fyrirlestrar 2011 - 2016 46
Fyrirlestrar starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands 46
Gestafyrirlesarar 50
Fyrirlestrar í röð fræðsluerinda Samtaka náttúrustofa 51
Ritaskrá 2011 - 2016 52
Ritrýndar greinar, skýrslur, útdrættir í ráðstefnuheftum og fræðsluefni 52
Innsendar greinar í dag- og vikublöð 56
Myndaskrá 58
Heimildir 59

Ágæti lesandi

Það er okkur sönn ánægja að geta loks fært þér í hendur yfirlit um starfsemi Náttúrustofu Vesturlands síðustu árin, en starfsskýrsla til almennrar dreifingar hefur ekki verið gefin út síðan 2011. Stafar það af miklum samdrætti í opinberum fjárframlögum til stofunnar síðasta áratuginn, eða frá því árið 2008.

Þrátt fyrir samdráttinn hefur starfsfólk stofunnar síður en svo setið auðum höndum. Starfsemin hefur eftir sem áður einkennst af fjölbreyttum verkefnum á sviði náttúrurannsókna, náttúruverndar og náttúrufræðslu. Stofan hefur þó þurft að sníða sér stakk eftir vexti og draga úr umfangi sumra verkefna, sem er mjög miður, enda hafa náttúrustofur landsins löngu sannað gildi sitt og mikilvægi fyrir bæði eflingu landsbyggðarinnar og eflingu rannsókna á náttúru landsins almennt. Mikilvægt er því að treysta rekstrargrunn hennar.

Náttúra Íslands hefur mikla sérstöðu, en eins og í öðrum löndum á hún undir högg að sækja, ýmist vegna áhrifa athafna okkar Íslendinga, eða vegna áhrifa af athöfnum alls mannkyns. Eyðing og röskun búsvæða, neikvæð áhrif af ágengum tegundum ásamt ofnýtingu eru dæmi um heimagerð áhrif, en loftslagsbreytingar af mannavöldum, þar með talin súrnun sjávar, og mengun eru dæmi um áhrif sem við berum öll ábyrgð á sem mannkyn. Því hafa vöktun og rannsóknir á náttúru landsins aldrei verið mikilvægari en nú.

Við vonum að lestur starfsskýrslunarinnar verði þér upplýsandi og ánægjulegur.

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður

Menja von Schmalensee, sviðsstjóri

Náttúrustofur

Árið 1992 voru sett á Alþingi lög nr. 60 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur en þar voru náttúrustofur fyrst nefndar í lögum. Sú fyrsta hóf starfsemi árið 1995 og sú áttunda árið 2013. Náttúrustofur heyrðu áður beint undir umhverfisráðuneytið en með breytingu á lögum árið 2002 færðist eignarhald þeirra til sveitarfélaganna.

Náttúrustofur eru hver um sig sjálfstæðar stofnanir reknar með fjárveitingu frá ríki og mótframlagi rekstrarsveitarfélaga. Að auki sækja stofurnar sér tekjur með því að sinna ýmsum þjónustuverkefnum fyrir stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga og með því að sækja styrki í rannsóknasjóði.

Starfsemi náttúrustofanna er gríðarlega fjölbreytt og þótt þær eigi ýmislegt sameiginlegt hefur hver og ein náttúrustofa sérhæft sig á mismunandi sviðum. Hvaða svið hafa orðið fyrir valinu hefur að mestu leyti ráðist af menntun og reynslu starfsmanna en einnig af sérstöðu náttúru svæðisins og eftirspurn, t.d. vegna framkvæmda.

Náttúrustofur hafa myndað með sér Samtök náttúrustofa, SNS, sem vinna að ýmsum samstarfsverkefnum og hagsmunamálum náttúrustofanna. Þannig stóðu náttúrustofur í sameiningu um tíma fyrir opnum fræðsluerindum sem send voru víða um land um fjarfundabúnað og fóru í sameiginlega rannsóknaleiðangra í Geirþjófsfjörð, Héðinsfjörð, Öxarfjörð og á Snæfellsöræfi. Þá höfðu Samtök náttúrustofa í árslok 2016 haldið átta opin Náttúrustofuþing, sem náttúrustofurnar skiptust á að standa fyrir. Nánari upplýsingar um SNS má finna á heimasíðu samtakanna, www.sns.is.

Lögbundin hlutverk náttúrustofa eru einkum þessi:

RANNSÓKNIR OG GAGNASÖFNUN: Að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofan starfar.

FRÆÐSLA OG NÁTTÚRUVERND: Að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd, veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

RÁÐGJÖF: Að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.

ÞJÓNUSTA: Að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.

EFTIRLIT: Að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lög um náttúruvernd.



Höfuðstöðvar náttúrustofanna átta (svartir punktar). Ljósblái flöturinn sýnir starfssvæði Náttúrustofu Vesturlands en það nær yfir hið gamla Vesturlandskjördæmi frá Hvalfirði að Gilsfirði.

Náttúrustofa Vesturlands

Fyrsti forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands var ráðinn árið 1999 en stofan var þó fyrst opnuð formlega þann 28. júní 2001. Stofan átti því áratugar starfsafmæli árið 2011, sem haldið var upp á með opnu húsi í veglegri og vel sóttri afmælisveislu. Starfsemin var kynnt, minkar krufðir og búnaður sýndur.

Áherslan í starfseminni hefur alla tíð verið á vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum á spendýrum og fuglum, en umhverfismál hafa einnig haft töluvert vægi. Almenningsfræðsla og ýmis önnur þjónusta hefur ávallt skipað mikilvægan sess, en auk þess hefur stefnumótunarvinna með stjórnvöldum vegið þungt í starfseminni á ákveðnum tímabilum.

Náttúrustofa Vesturlands hefur aðsetur í ráðhúsi Stykkishólms en á meðal eigna hennar eru skrifstofur og tvær vel búnar rannsóknastofur, sem Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi hefur einnig nýtt sér.

Stykkishólmsbær er eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri Náttúrustofu Vesturlands og skipar því alla þrjá stjórnarmenn. Frá 2011 og fram yfir sveitarstjórnarkosningar árið 2014 var stjórnin þannig skipuð að Lárus Á. Hannesson var formaður en með honum í stjórninni voru Gretar D. Pálsson og Hilmar Hallvarðsson. Ný stjórn tók við að loknum kosningum en hana skipa þau Sturla Böðvarsson, formaður, Hafdís Bjarnadóttir og Lárus Á. Hannesson. Helstu hlutverk stjórnar eru að fylgjast með fjárhag og starfsemi stofunnar og stuðla að eflingu hennar.

FJÁRMÁL

Frá stofnun Náttúrustofunnar hefur umfang starfsemi hennar sveiflast talsvert. Árin 1999 til 2005 einkenndust af hröðum og nokkuð stöðugum vexti. Árin 2006 og 2007 voru metár í tekjum Náttúrustofunnar en á tímabilinu 2009 – 2011 var skorið mikið niður í opinberum framlögum til stofunnar á sama tíma og sértekjur minnkuðu. Niðurskurður ríkisframlagsins hélt áfram flest ár eftir það, en þó í minna mæli. Tímabundin þjónustuverkefni hafa ávallt verið starfseminni mikilvæg en tekjur vegna þeirra eru í eðli sínu sveiflukenndar og óáreiðanlegar til lengri tíma.

Endurskoðunarskrifstofan Þrep ehf. endurskoðaði bókhald Náttúrustofunnar og gerði ársreikninga til og með 2014 en eftir það tók KPMG við færslu bókhalds og ársreikningagerð. Heildartekjur Náttúrustofu Vesturlands á árunum 2011-2016 voru um um 220 milljónir á verðlagi desember 2016 en rekstrargjöld 235 milljónir . Hallinn kom til minnkunar á eigin fé stofunnar, sem safnast hafði upp á árunum 2006 og 2007 og stjórnendur stofunnar höfðu ákveðið að nota ekki á þeim tíma, til að verja störf í lengstu lög vegna fyrirsjánlegs niðurskurðar eftir 2008.



Skipting tekna (blátt) og útgjalda (grænt) Náttúrustofu Vesturlands á árunum 2011-2016. Ríkisframlagið er mikilvægasti tekjuhlutinn og launakostnaður aðal útgjaldaliðurinn. „Annað“ í útgjöldum felur m.a. í sér rekstur skrifstofu og rannsókna. Samsetning tekna og gjalda breyttist lítið á milli ára á tímabilinu.



Árlegar tekjur Náttúrustofu Vesturlands frá upphafi á verðlagi desember 2016.



Þróun í fjölda ársverka á Náttúrustofu Vesturlands frá stofnun (súlur) og fjöldi starfsmanna á launaskrá hvert ár (tölur fyrir ofan hverja súlu).

Starfsfólk

Á árunum 2011-2016 fækkaði launuðum ársverkum á Náttúrustofunni úr 4,4 niður í 2,9 (4. mynd). Fyrir starfsemi af þessari stærðargráðu munar mjög miklu að missa 1,5 ársverk og ekki er hægt að segja að jafnvægi sé milli verkefnabyrði og fjölda starfsmanna Náttúrustofunnar nú, þar sem starfsmenn sem eftir sátu þurftu í flestum tilfellum að bæta á sig verkefnum þeirra sem hurfu frá störfum.

Ef litið er til þróunar á fjölda ársverka á Náttúrustofunni frá stofnun, sést að fjöldi starfsmanna óx nokkuð stöðugt þar til hann náði hámarki árið 2006. Eftir það hefur ársverkum fækkað nokkuð jafnt og þétt, fyrst og fremst vegna lækkunar ríkisframlags, en þrátt fyrir verulega lækkun tekna var ákveðið að reyna í lengstu lög að halda verkefnum gangandi og verja störf en skera frekar niður önnur útgjöld. Árið 2016 höfðu ársverkin ekki verið færri síðan árið 2002.

Árin 2011-2016 voru tveir starfsmenn (forstöðumaður og sviðsstjóri) í fullu, föstu starfi allt tímabilið. Umhverfisfulltrúi var einnig starfandi nær allt tímabilið, en sú staða fór úr 100% í 80% stöðu í júlí 2013. Skrifstofustjóri, sem einnig sá um þjónustu við Breiðafjarðarnefnd, var starfandi allt tímabilið en staða hans fór úr 100% í 25%. Þá vann einn doktorsnemi að minkarannsóknum með Náttúrustofunni. Hann fékk greidd laun frá Náttúrustofunni sem jafngiltu 20% starfshlutfalli í 8 mánuði, en að öðru leyti voru laun hans greidd af rannsóknastyrkjum sem ekki fóru í gegnum launabókhald Náttúrustofunnar. Tveir meistaranemar Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Náttúrustofu Vesturlands unnu að rannsóknum á áhrifum síldardauða á botndýralíf í Kolgrafafirði og varpvistfræði æðarfugls á eyjum í Breiðafirði. Hluti af launum hins fyrrnefnda var greiddur með styrk frá Vegagerðinni. Þrír nemendur við Landbúnaðarháskólann unnu B.S. verkefni undir leiðsögn starfsfólks Náttúrustofunnar. Sjö einstaklingar til viðbótar unnu í tímabundnum og afmörkuðum verkefnum og einn nýtti sér starfsaðstöðu á Náttúrustofunni. Samtals unnu 16 einstaklingar á Náttúrustofunni á tímabilinu.

Starfsfólk og nemar

Róbert Arnar Stefánsson, líffræðingur, hefur verið forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands frá 1. desember árið 2000. Á árunum 2011-2016 sinnti hann stjórnunarstörfum og starfsmannahaldi og vann að uppbyggingu og stefnumótun Náttúrustofunnar. Jafnframt vann hann að ýmsum rannsóknaverkefnum, þar á meðal þeim sem tengjast minkastofninum, bæði á Snæfellsnesi og á landsvísu, og sömuleiðis kom hann að öllum fuglarannsóknum stofunnar, verkefninu um ágengar plöntur í Stykkishólmi, áhrif síldardauða á fugla- og botndýralíf og heimildarannsókn um áhrif þörunganytja á lífríki. Einnig kom hann að ráðgjöf vegna verkefnisins um umhverfisvottun á starfsemi sveitarfélaga á Snæfellsnesi og framkvæmd tilraunaverkefnis um burðarplastpokalaust sveitarfélag. Um mitt tímabilið tók hann við störfum sem áður voru í höndum skrifstofustjóra, þ.á m. greiðslu launa og reikninga, færslu bókhalds og innkaupum rekstrarvara. Bókhaldið var flutt til KPMG árið 2015. Róbert vann í fullu starfi á Náttúrustofunni allt tímabilið. Hann stundaði einnig Ph.D. nám við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í hlutastarfi.

Menja von Schmalensee, líffræðingur og sviðsstjóri, vann að uppbyggingu og stefnumótun Náttúrustofunnar ásamt stjórnun og starfsmannamálum samhliða forstöðumanni. Hún vann einnig að ýmsum rannsóknaverkefnum tengdum fæðu-, atferlis- og stofnvistfræði minks, öðrum ágengum tegundum og stofnvistfræði fugla o.fl. Hún sá um grafíska hönnun og umbrot skjala og veggspjalda Náttúrustofunnar ásamt kortagerð. Hún var virk í almenningsfræðslu um náttúruvernd og kom að ráðgjöf vegna verkefnisins um umhverfisvottun á starfsemi sveitarfélaga á Snæfellsnesi og vann nokkur viðamikil verkefni sem tengdust henni, ásamt því að sjá um framkvæmd tilraunaverkefnis um burðarplastpokalaust sveitarfélag. Fyrri hluta tímabilsins var eitt aðalverkefni hennar vinna vegna úttektar á lagalegri og stjórnsýslulegri stöðu villtra fugla og spendýra. Menja vann í fullu starfi á Náttúrustofunni allt tímabilið. Hún stundaði einnig Ph.D. nám við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í hlutastarfi.

Theódóra Matthíasdóttir, jarðfræðingur og ferðamálafræðingur, var umhverfisfulltrúi Snæfellsness fram á mitt ár 2016 og þjónaði Breiðafjarðarnefnd frá og með haustinu 2015. Hennar aðalstarf voru umhverfismál sveitarfélaga á Snæfellsnesi í tengslum við EarthCheck umhverfisvottun á starfsemi þeirra. Starfið fól m.a. í sér áætlanagerð, vöktun árangurs og framkvæmd verkefna sem stuðla að framförum sveitarfélaganna í umhverfismálum. Theódóra vann í fullu starfi á Náttúrustofunni til 31. mars 2013 þegar hún tók barnseignarleyfi út árið. Frá 1. janúar 2014 var hún í 80% starfi en vann þar fyrir utan að tilraunaverkefni Umhverfishóps Stykkishólms um burðarplastpokalaust sveitarfélag. Frá og með september 2015 sinnti hún einnig verkefnum Breiðafjarðarnefndar í 25% starfi. Hún fór aftur í barnseignarleyfi frá umhverfisfulltrúastarfinu um mitt ár 2016 og lét á sama tíma af því starfi en vann áfram fyrir Breiðafjarðarnefnd í 25% starfi.

Pálmi Freyr Sigurgeirsson var skrifstofustjóri og sá um bókhald Náttúrustofunnar, heimasíðu, gagnainnslátt og ýmislegt fleira framan af tímabilinu. Einnig sinnti hann málefnum Breiðafjarðarnefndar og sá um daglegan rekstur hennar. Hann var í fullu starfi til 31. janúar 2012 þegar starfshlutfallið var lækkað í 50% af fjárhagsástæðum. Frá 1. september sama ár var starfshlutfallið lækkað enn frekar niður í 25% af sömu ástæðu og sinnti Pálmi eftir það eingöngu verkefnum Breiðafjarðarnefndar en forstöðumaður og sviðsstjóri tóku við öðrum verkefnum hans. Í ágúst 2015 hætti Pálmi störfum til að sækja sér frekari menntun.

Rannveig Magnúsdóttir, líffræðingur, vann að doktorsverkefni í líffræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan í október 2013. Rannsóknarverkefni hennar var unnið í nánu samstarfi við Náttúrustofuna, en viðfangsefni þess var fæðuvistfræði minks. Við rannsóknirnar nýtti hún efnivið sem safnað hafði verið á Náttúrustofunni frá því upp úr síðustu aldamótum og vann stærstan hluta rannsóknastofuvinnu sinnar á stofunni. Hún sinnti síðan úrvinnslu niðurstaðna og skrifum í samvinnu við Náttúrustofuna. Hún var í fullu námi fram að útskrift í október 2013 en hóf um svipað leyti störf sem sérfræðingur hjá Landvernd.

Aldís Erna Pálsdóttir, líffræðingur, hóf meistaraprófsnám við Háskóla Íslands árið 2014. Rannsóknaverkefni hennar fjallaði um varpvistfræði æðarfugls og afrán í æðarvörpum. Hún aflaði gagna í eyjum umhverfis Stykkishólm á varptíma æðarfugls 2014 og 2015. Verkefnið var samstarfsverkefni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Náttúrustofunnar. Aldís varði meistaraprófsritgerð sína í janúar 2016.

Valtýr Sigurðsson, líffræðingur, stundaði meistaraprófsnám við Háskóla Íslands á tímabilinu. Frá vorinu 2013 rannsakaði hann áhrif síldardauða á botndýralíf í Kolgrafafirði í samvinnuverkefni Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindastofnunar Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vesturlands. Í júní 2015 varði hann meistararitgerð sína um rannsóknina.

Harpa Auðunsdóttir, viðskiptafræðingur og umhverfisfræðingur, leysti Theódóru af í barnseignarleyfi árið 2013 og **Birna Heide Reynisdóttir**, líffræðingur, tók við stöðu verkefnisstjóra umhverfisvottunar í byrjun október 2016.

Nokkrir starfsmenn voru verkefnaráðnir á stuttum tímabilum. **Símon Sturluson** vann að mælingum á afla minkaveiðimanna árin 2011 og 2012 og aðstoðaði við vöktun rituvarps í Hvítabjarnarey allt tímabilið, auk þess að sigla til sýnatöku í Kolgrafafirði sumrin 2014 og 2015. **Guðmundur Hallgrímsson** sá um framkvæmd vöktunar glókolla á Vesturlandi vorið 2012. **Guðmundur G. Símonarson** mat ábúðarhlutfall tófugrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli 2011-2013. **Sigurður Bjarnason** vann að söfnun heimilda um náttúrufar í Hvalfjarðarsveit árið 2011. **Arnór Þrastarson** vann að úttekt fuglalífs á Snæfellsnesi og í Dölum að vor- og sumarlagi 2011 vegna möguleika á fuglatengdri ferðaþjónustu og vann að skýrslugerð fram á árið 2012. **Aron Alexander Þorvarðarson** flokkaði innihald botnsýna úr Kolgrafafirði veturinn 2014-2015 og það gerði **Ísól Lilja Róbertsdóttir** einnig um skamma hríð sumarið 2016.

Morten Schioldan Riishuus, jarðfræðingur og starfsmaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar (Nordic Volcanological Center), nýtti sér skrifstofuaðstöðu Náttúrustofunnar fram til sumarsins 2015, á meðan hann var búsettur í Stykkishólmi.

SAMSTARF

Mikið samstarf við fjölmarga og fjölbreytta aðila hefur einkennt starfsemi Náttúrustofu Vesturlands, enda er gott samstarf ein af undirstöðunum fyrir velgengni í þessum geira eins og mörgum öðrum. Helstu aðilar sem starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands störfuðu með á árunum 2011-2016 voru:

Háskólar og stofnanir þeirra

- Háskóli Íslands, einkum Líf- og umhverfisvísindadeild
- Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi
- Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi
- Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði
- Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
- Norræna eldfjallastöðin
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Oxfordháskóli, Englandi
- Háskólinn í Stokkhólmi, Svíþjóð
- Háskólinn í Szczecin, Póllandi
- Tækniháskóli V-Pommern, Szczecin, Póllandi
- Freie Universität Berlin, Þýskalandi

Náttúrutengdar stofnanir og félög

- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Umhverfishópur Stykkishólms
- Landgræðsla ríkisins
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- Hafrannsóknastofnun
- Landvernd
- Fuglaverndarfélag Íslands
- Mammal Research Institute, Polish Academy of Sciences, Białowieża, Póllandi
- Matvælastofnun
- Skotveiðifélag Íslands
- Vör Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð
- Matís
- Umís ehf. / Environice

Aðrar náttúrustofur

- Náttúrustofa Vestfjarða
- Náttúrustofa Norðurlands vestra
- Náttúrustofa Norðausturlands
- Náttúrustofa Austurlands
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúrustofa Suðvesturlands

Ríki og sveitarfélög

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Stykkishólmsbær
- Helgafellssveit
- Grundarfjarðarbær
- Snæfellsbær
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Borgarbyggð
- Hvalfjarðarsveit
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðrir

- Minkaveiðimenn
- Breiðafjarðarnefnd
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Anok margmiðlun ehf.
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Menntaskóli Borgarfjarðar
- Íslenska gámafélagið



HELSTU VERKEFNI TÍMABILSINS

Viðfangsefni Náttúrustofunnar eru fjölbreytt og víðfeðm og endurspegla lögbundin hlutverk hennar. Vísindalegar rannsóknir á náttúru Vesturlands hafa ávallt verið kjölfestan í starfseminni og var svo einnig á árunum 2011-2016. Vinna að umhverfismálum og náttúruvernd skipaði einnig ríkan sess í starfsemi stofunnar, sem og ýmiss konar fræðsla og önnur verkefni.

Rannsóknir

Grunnrannsóknir á náttúru Íslands eru mikilvægar [1]. Gildi þeirra hefur margsannað sig en slíkar rannsóknir geta m.a. aukið skilning okkar á orsakasamhengi í þáttum lífríkisins og umhverfis þeirra. Þær geta sömuleiðis stuðlað að sjálfbærari nýtingu eða árangursríkari stjórnun stofna plantna og dýra, auk nauðsynlegrar verndunar þegar það á við. Hér verður fjallað um helstu rannsóknir Náttúrustofunnar á tímabilinu.

Spendýr

Náttúrustofan rannsakaði tvær tegundir landspendýra á tímabilinu; mink og ref.

Minkur

Minkurinn, sem er framandi og ágeng tegund, er á meðal óvinsælustu dýra landsins og hefur verið veiddur á Íslandi um áratuga skeið. Aukinnar þekkingar á minknum má afla með rannsóknum og getur vitneskja stuðlað að takmörkun á tjóni af hans völdum, sé þekkingin nýtt sem skyldi við stjórnun minkaveiða. Náttúrustofa Vesturlands hefur stundað minkarannsóknir frá árinu 2001, og voru árin 2011-2016 þar engin undantekning. Hér á eftir verður stiklað á stóru um helstu minkarannsóknir sem unnið var að á tímabilinu.

Tilraunaverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um útrýmingu minks

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið stóð fyrir tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks á árunum 2007-2009 og fór verkefnið fram á tveim svæðum, á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð. Markmiðið var að kanna hvort mögulegt væri að útrýma mink á svæðunum með aukinni veiðisókn í þrjú ár. Um leið átti að afla gagna sem nýttust til að meta hvort slíkt átak væri fýsilegt á landsvísu. Umsjónarnefnd ráðuneytisins hélt utan um verkefnið og skipulag veiðiátaksins var í höndum Umhverfisstofnunar.

Náttúrustofu Vesturlands var falið að stunda rannsóknir á minkastofninum meðan á átakinu stóð, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands. Skýrsla með hluta niðurstaðna þeirra rannsókna var gefin út árið 2008 [2], en auk þess fól umhverfis- og auðlindaráðuneytið Páli Hersteinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Róbert A. Stefánssyni, forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands, að taka saman lokaskýrslu um mat á árangri verkefnisins. Við það mat var bæði stuðst við efnivið rannsókna starfsfólks Náttúrustofunnar síðustu 15 ár og gögn sem aflað var í verkefninu. Fyrstu drög að lokaskýrslu voru kynnt umsjónarnefnd átaksverkefnisins árið 2010 og ráðstefna um afrakstur verkefnisins var haldin í mars 2011. Vegna sorglegs og skyndilegs fráfalls Páls haustið 2011 kom það alfarið í hlut Náttúrustofunnar að ganga frá lokaútreikningum og endanlegri skýrslu um árangur verkefnisins. Kom hún út undir lok ársins 2012.

Fæðuvistfræði minks

Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur síðan 1997 safnað mögum úr minkum til greiningar á fæðuvali tegundarinnar. Minkur er ósérhæfður í fæðuvali og étur að jafnaði það sem er algengast og aðgengilegast hverju sinni. Breytingar á fæðuvali minks gætu því endurspeglað breytingar á ástandi helstu fæðustofna hans. Minkum á Snæfellsnesi fækkaði verulega frá árinu 2002 til ársins 2006 samkvæmt stofnmælingum Náttúrustofunnar. Veiðitölur og önnur gögn gefa einnig til kynna að mink hafi fækkað almennt á landsvísu eftir 2003. Til að grennslast fyrir um ástæður þess hófst í árslok 2008 rannsókn á fæðuvali minks og hvort breytingar hefðu orðið á fæðuvali minka á Snæfellsnesi á fyrsta áratug þessarar aldar. Auk greiningar á magainnihaldi voru gerðar greiningar á stöðugum samsætum (e. *stable isotopes*) í vöðvavef og beinvef, en þær gefa upplýsingar um uppruna fæðunnar. Rannsóknin var doktorsverkefni Rannveigar Magnúsdóttur við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, sem hún vann í nánu samstarfi við starfsfólk Náttúrustofunnar. Greindar voru fæðuleifar í mögum 662 minka af Snæfellsnesi, auk þess sem notast var við eldri fæðugreiningar Róberts A. Stefánssonar á magainnihaldi 215 minka víðs vegar af landinu [3]. Greindar voru stöðugar samsætur úr vöðvavef 317 minka og beinvef 72 minkasteggja. Á árunum 2011-2013 fór fram úrvinnsla gagna og skrifaðar voru vísindagreinar um niðurstöður verkefnisins. Tvær birtust í alþjóðlegum, ritrýndum tímaritum. Sú fyrri fjallaði um fæðuval minks á Íslandi, kynjamun í

fæðuvalinu og mismun á fæðuvali eftir búvæðum en sú seinni um breytingar á fæðuvali minks á Snæfellsnesi á fyrsta áratug þessarar aldar og mögulegar ástæður fyrir þeim breytingum (sjá ritaskrá). Tvær greinar til viðbótar eru í vinnslu, annars vegar um stöðugar samsætur í vefjum (vöðvum og beinum) minka og hins vegar tengsl stofnbreytinga hjá mink við stofnbreytingar hjá ref og sveiflur í loftslagi og fæðuvali. Rannveig varði doktorsritgerð sína þann 15. október 2013.

Verkefnið var unnið í samstarfi Náttúrustofunnar, Páls Hersteinssonar heitins, prófessors við Háskóla Íslands, Kerstin Lidén prófessors við Stokkhólmsháskóla og WildCRU-rannsóknastofnun prófessors David W. Macdonald við Oxfordháskóla. Niðurstöður þess hafa m.a. verið kynntar í fyrirlestrum og á veggspjöldum á ráðstefnum og fundum á Íslandi, í Englandi, Frakklandi og Ástralíu.

Íslenski minkastofninn

Á undanförnum árum hafa minkaveiðimenn víða að af landinu sent Náttúrustofunni þúsundir minkahræja til rannsóknar og þar með aðstoðað við að auka þekkingu á minkastofninum. Meðal þeirra upplýsinga sem lesa má úr rannsóknum á minkahræjum er líkamsástand eftir árstíðum og svæðum, aldursdreifing í stofninum, vöxtur og dánartíðni minkahvolpa og frjósemi minkalæðna. Einnig er hægt að skoða sýkingartíðni sjúkdóma. Skoðun á breytingum í þessum þáttum milli ára í samhengi við breytingar á veiðitölum auka skilning á þeim þáttum sem hafa áhrif á stofnþróun minkastofnsins. Tekin hafa verið vefjasýni úr hræjunum, sem m.a. verða nýtt til stofnerfðafræðilegra og atferlisfræðilegra rannsókna á minknum. Á árunum 2011-2016 voru gerðar margs konar greiningar á gögnum um þá 3.711 minka sem krufðir höfðu verið á tímabilinu 1996-2011 og komu þau gögn m.a. að góðum notum við mat á árangri áðurnefnds tilraunaverkefnis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks, sem birtist í skýrslu í árslok 2012. Á tímabilinu hófst ritun vísindagreina um niðurstöðurnar. Frumniðurstöður hafa verið kynntar í fjölda fyrirlestra og á veggspjöldum. Gögnin um íslenska minkastofninn eru m.a. nýtt í doktorsverkefni Róberts A. Stefánssonar og Menju von Schmalensee. Helstu samstarfsaðilar utan Náttúrustofunnar hafa verið Páll Hersteinsson heitinn, prófessor við Háskóla Íslands sem lést haustið 2011, Náttúrufræðistofnun Íslands og minkaveiðimenn.

Veirusýking í minkastofninum

Plasmacytosis er hæggeng veirusýking sem valdið hefur miklum skaða í minkarækt, þar sem hún getur valdið minnkaðri frjósemi og jafnvel dauða minka.

Sýkingin barst til Íslands með búrminkum um 1970 en í kjölfarið neyddust loðdýrabændur til að skera niður á mörgum búum. Sýkin barst í villta stofninn og var fyrst bundin við norðan- og norðaustanvert landið [4]. Frá árinu 1997 hefur Náttúrustofa Vesturlands safnað blóðsýnum úr afla veiðimanna og sent til greiningar á plasmacytosis á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Á tímabilinu var unnið úr gögnum um sýkingartíðni og annað er tengist sjúkdómnum og það kynnt í einni skýrslu og nokkrum fyrirlestrum. Verkefnið er unnið í samstarfi Náttúrustofunnar við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og minkaveiðimenn.

Erlent samstarf tengt mink

Á tímabilinu hófst samstarf með sérfræðingum við Háskólann í Szczecin og Tæknihaskóla Vestur-Pommern í Póllandi. Sérfræðingur þaðan, Jakub Skorupski, heimsótti Ísland í þeim tilgangi að afla gagna um rannsóknir, löggjöf, veiðistjórnun, veiðar og ræktun minka á Íslandi. Var það gert til að stuðla að bættum aðgerðum gegn villiminkum í Póllandi. Náttúrustofa Vesturlands var opinber gestgjafi og tengiliður sérfræðingsins. Starfsfólk stofunnar kynnti Jakub helstu niðurstöður íslenskra minkarannsókna og aðstoðaði hann einnig við að skipuleggja ferðina og að komast í samband við lykilaðila varðandi minkinn á Íslandi, þ.e. rannsóknafólk, fulltrúa stjórnsýslunnar, veiðimenn, minkabændur o.fl. Í framhaldi hófst samstarf Náttúrustofunnar og háskólanna tveggja um erfðarannsóknir á íslenskum villiminkum, sem haldið verður áfram og útvíkkað á næstu árum. Verkefni Pólverjans var styrkt af Fjársýsluskrifstofu Evrópska efnahagssvæðisins og Fjársýsluskrifstofu Noregs eftir sameiginlega umsókn hans og Náttúrustofunnar. Undir lok ársins 2016 birtist grein í vísindaritinu Acta Biologica eftir tvo starfsmenn Náttúrustofunnar og Jakub. Í henni er rakin landnámssaga minksins hér á landi og þróun stofnsins til dagsins í dag, í samhengi við minkarækt og áhrif minksins á annað lífríki (sjá ritaskrá).

Sumarið 2014 tók Náttúrustofan á móti Dr. Andrzej Zalewski, sem er þekktur sérfræðingur á sviði minks og annarra marðardýra. Hann starfar hjá spendýrarannsóknastöð (Mammal Research Institute, Polish Academy of Sciences) í Bialowieza-þjóðgarðinum við landamærin að Hvíta-Rússlandi austast í Póllandi. Hann heimsótti Náttúrustofuna og kynnti sér m.a. þær minkarannsóknir sem þar hafa verið stundaðar. Í framhaldinu var stofnaður alþjóðlegur vinnuhópur sem taka mun saman gögn um reynslu ýmissa þjóða af aðgerðum gegn hinum



ágenga mink. Samstarf við Pólverja um minkarannsóknir heldur áfram. Með Zalewski í för var Władysław Jankow, sérfræðingur um mikilvæg fuglasvæði í Póllandi.

Vegna rannsókna Náttúrustofunnar á mink og öðrum ágengum tegundum er hún hluti af hinu alþjóðlega samstarfsneti InDyNet (Invasive species dynamics network), sem stýrt er af þýska háskólanum Freie Universität Berlin. Þar er fjallað um ágengar lífverur frá ýmsum hliðum. Sem lið í því samstarfi unnu starfsmenn Náttúrustofunnar veigamikla heimilda-rannsókn á stofnhegðun ágengra tegunda og eru meðhöfundar að vísindagrein nokkurra sérfræðinga úr hópnum um efnið, en greinin var send til birtingar síðla árs 2016 og birtist 2017. Náttúrustofan stýrði einnig einum af undirhópum netsins, sem vinnur að undirbúningi vísindagreinar um breytingar á stærð minkastofna í Evrópu og Norður-Ameríku. Loks hófst á tímabilinu undirbúningur að rannsókn á atferlisbreytingum fugla við komu minks til Íslands, sem unnið verður í samstarfi við gestgjafaháskóla InDyNet.

Refur

Sumarið 2001 var Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull stofnaður en síðan þá hafa refaveiðar verið bannaðar innan þjóðgarðsmarka. Ýmsir höfðu áhyggjur af fjölgun refa og í kjölfarið hóf Náttúrustofan árlega vöktun á ábúðarhlutfalli refagrenja í þjóðgarðinum. Áður en vöktun hófst fóru Leifur Ágústsson frá Mávahlíð og aðrir staðkunnugir með starfsmönnum Náttúrustofunnar á grenin og veittu auk þess upplýsingar um hversu mörg þeirra voru unnin á hverju ári frá árinu 1989. Grenin hafa síðan verið heimsótt árlega og svo var einnig á árunum 2011-2015. Engar marktækar breytingar hafa orðið á ábúðarhlutfalli grenja á svæðinu frá því vöktunin hófst, þrátt fyrir mikla fjölgun refa á landsvísu a.m.k. fram til ársins 2010.

Fuglar

Haförn

Náttúrustofa Vesturlands hefur frá árinu 2001 tekið þátt í árlegri vöktun arnarins en Náttúrufræðistofnun Íslands hefur yfirumsjón með henni. Vöktunin felst m.a. í því að fylgjast með fjölda arnarpara og staðsetningu þeirra, meta fjölda para sem verpur og fjölda unga sem kemst á legg. Sá hluti vöktunarinnar sem Náttúrustofan kemur mest að eru heimsóknir í hreiðrin um mitt sumar til sýnatöku og merkingar unga, auk þess að taka þátt í almennu eftirliti með örnum á öllum árstímum.

Veturinn 2012-2013 sóttu óvenjulega margir ernir inn á svæðið frá Grundarfirði til Stykkishólms vegna síldargengdar og mikils fjölda annarra fugla. Tugir arna sáust nær daglega við Kolgrafafjörð og fylgdist starfsfólk Náttúrustofunnar með því hvort síldargrútur ógnaði örnum.

Auk þátttöku í vöktun vinnur Náttúrustofan að tveim samstarfsverkefnum um rannsóknir á erninum, sem miða bæði að því að skilja betur hvers vegna örnum fjölgar hægt þrátt fyrir verndun í tæpa öld. Tveir þættir eru einkum til skoðunar, en hvor um sig gæti haft neikvæð áhrif á vöxt stofnsins. Annars vegar er litið á styrk þrávirkra lífrænna mengunarefna en efnin eru mæld í arnafúleggjum, og hins vegar skyldleikaæxlun sem rannsökuð er með erfðasýnum úr arnarungum (blóði) og fullorðnum einstaklingum (fjöðrum). Á árunum 2011-2016 var sýnaöflun haldið áfram. Rannsóknin á þrávirkum lífrænum mengunarefnum hefur nú þegar gefið áhugaverðar niðurstöður, sem benda til að áhrif mengunar gætu að hluta útskýrt lélega nýliðun. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar í fyrirlestrum og á veggspjöldum á ráðstefnum og fundum og er vísindagrein í vinnslu. Fyrstu niðurstöður erfðarannsóknarinnar voru kynntar á ráðstefnu síðla árs 2013 og benda þær til tengsla á milli skyldleika og varpárangurs. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi Náttúrustofunnar við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Náttúrustofu Suðvesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða og fuglaáhugamenn.

Þéttleiki mófugla

Náttúrustofan stendur fyrir árlegum rannsóknum á mófuglum og metur hvert sumar þéttleika þeirra á 95 stöðum á 6 rannsóknasvæðum á Vesturlandi. Verkefnið, sem hófst sumarið 2013, er samstarfsverkefni með Náttúrufræðistofnun Íslands og felur í sér að meta þéttleika algengra mófugla á láglendi um land allt. Út frá slíkum gögnum hefur nú verið unnið stofnmat þessara tegunda á landsvísu en stofnstærðir þeirra hafa verið afar óljósar fram til þessa. Til framtíðar er megintilgangur verkefnisins þó að fylgjast með breytingum á stofnstærðum mófugla. Fyrsta árið tók Náttúrustofan að sér verkefnið í verktöku og mat þá fuglalíf á um 160 stöðum á 10 rannsóknasvæðum á Snæfellsnesi. Verkefnið var þá greitt af IPA -styrk sem NÍ fékk frá Evrópusambandinu. Fjárveiting til verkefnisins féll niður þegar viðræðum um aðild að Evrópusambandinu var hætt en þar sem afar mikilvægt var að koma á fót vöktunarkerfi íslenskra mófugla ákvað Náttúrustofan að halda rannsókninni áfram í aðeins smækkaðri mynd. Niðurstöður verkefnisins voru nýttar í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi [12].

Skráning fuglalífs á Vesturlandi í þágu ferðaþjónustu

Tegundasamsetning og fjöldi fugla var skráður við helstu samgönguleiðir um Snæfellsnes og Dali í fimm athugunarferðum yfir sumartímann 2011, frá fyrri hluta maí og fram undir miðjan ágúst. Verkefnið var samvinnuverkefni Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og Vaxtarsamningi Vesturlands. Í ítarlegri skýrslu um verkefnið má finna upplýsingar um fuglalíf svæðisins; einnig lýsingu á staðháttum og fuglalífi 11 undirsvæða. Í skýrslunni eru einnig raktir þeir möguleikar sem felast í fuglatengdri ferðaþjónustu á svæðinu. Snæfellsnes og Breiðafjörður eru rík af fuglalífi og er ljóst að þegar kemur að fuglaskoðun er hér um vannýtta auðlind að ræða.

Vorið 2016 hófst nemendaverkefni Pavle Estrajher við Landbúnaðarháskóla Íslands undir leiðsögn Róberts A. Stefánssonar. Fjallar það um fuglalíf á sunnanverðu Vesturlandi frá Akranesi í suðri til og með Mýrum í norðri með tilliti til aðgengilegra fuglaskoðunarstaða sem nýta mætti í ferðaþjónustu. Verkefninu lýkur á árinu 2018.

Glókollur

Glókollur er minnsti fugl Evrópu. Hann er skógarfugl sem iðulega berst í einhverjum mæli til Íslands að haustlagi. Talið er að glókollavarp hafi hafist hér á landi um 1996 og finnst tegundin nú á skógræktarsvæðum víða um land, sér í lagi á Fljótsdalshéraði, Suður- og Suðvesturlandi og Mið-Norðurlandi. Náttúrustofa Vesturlands kannaði útbreiðslu glókolls í vestlenskum skógum með skipulegum hætti hvert vor árin 2003-2006 og eftir það annað hvert vor, þ.e. 2008, 2010, 2012 og 2014. Um er að ræða einu skipulegu íslensku úttektina á útbreiðslu tegundarinnar til þessa en hún sýnir m.a. að miklar sveiflur einkenna stofninn.

Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði

Breytingar á fjölda og varpárangri sjófugla eru áviti á breytingar lífríkis neðan sjávarborðs. Árleg vöktun sjófugla getur því gefið mikilvægar vísbendingar um breytingar á lífríki sjávar. Sumarið 2008 hófu Náttúrustofan og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi í samvinnu við landeigendur árlegar rannsóknir á varpi ritu í Hvítabjarnarey skammt frá Stykkishólmi. Varpið var heimsótt nokkrum sinnum yfir varptímann og ritur taldar ásamt fjölda hreiðra, eggja og unga. Þannig fengust upplýsingar um stærð varpstofnsins í eyjunni og varpárangur og hvernig hann breyttist milli ára. Á árunum 2011-2013 var rannsóknin haldið áfram. Sumarið 2014 var rituvöktunin endurskoðuð og komið í nýjan og endurbættan farveg. Frá því ári hefur því verið fylgst árlega með stærð varpa og varpárangri í nokkrum eyjum á Breiðafirði (Elliðaey, Þórishólma, Hvítabjarnarey og Byrgiskletti) og björgum á Snæfellsnesi (Arnarstapa, Þúfubjargi, Saxhólsbjargi og Vallnabjargi). Að mestu er þarna um að ræða ritur en í björgunum á Snæfellsnesi eru einnig taldir svartfuglar. Vöktunin mun gefa góða mynd af sveiflum í varpstofni og varpárangri bjargfugla á svæðinu. Hliðstæðar talningar eru framkvæmdar víða um land í umsjón annarra náttúrustofa, en þær gefa mikilvægar upplýsingar um stofnþróun bjargfugla á landsvísu. Niðurstöður af öllu landinu voru kynntar í skýrslu undir lok ársins 2016.



Fuglalíf er auðugt við norðanvert Snæfellsnesi að vetri til. Hér má sjá svæðin sem talin eru um hver áramót.

Vatnafuglar á Snæfellsnesi

Sumarið 2011 hófu Náttúrustofa Vesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi í sameiningu árlega vöktun á fuglalífi á vötnum í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi og á Þórsnesi á norðanverðu Snæfellsnesi. Talið var 5-6 sinnum yfir sumarið fyrstu árin en talningum síðan fækkað niður í tvær þegar betri mynd hafði fengist á fjölda og dreifingu fugla yfir sumarið. Meginmarkmið verkefnisins eru: a) að afla upplýsinga um fjölda og dreifingu fugla eftir tegundum og aldri, b) að fylgjast með breytingum á fjölda fugla milli ára og c) að meta ungaframleiðslu eftir vötnum og á milli ára.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um vöktun fuglastofna [5] er bent á nauðsyn þess að bæta vöktun vatnafugla og er þetta verkefni viðleitni í þá átt.

Vetrarfuglatalning

Náttúrufræðistofnun Íslands heldur utan um talningu fugla, sem gerð er í kringum áramót ár hvert en framkvæmdin er í höndum fuglaáhugamanna víðs vegar um landið. Náttúrustofa Vesturlands hefur tekið þátt í talningunni frá því í janúar 2001. Á árunum 2009-2011 fjölgaði talningarsvæðum á Snæfellsnesi verulega, einkum vegna fjölgunar talningarsvæða Náttúrustofunnar og aðkomu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Daníels Bergmann náttúruljósmyndara og fuglaáhugafólks í Snæfellsbæ. Þetta hefur gert það að verkum að góð mynd hefur fengist af fuglalífi við norðanvert Snæfellsnes að vetrarlagi. Árin 2011-2016 var haldið áfram með þessar talningar. Vetrarfuglatalningar gefa mjög mikilvægar upplýsingar um langtímabreytingar á stofnstærðum og útbreiðslu fugla, t.d. vegna umhverfisbreytinga eða veiða, og eru því liður í að vakta og vernda náttúru landsins. Niðurstöður hafa verið birtar á heimasíðu Náttúrustofunnar, www.nsv.is, en auk þess birtir Náttúrufræðistofnun Íslands niðurstöður fyrir landið allt á vef sínum, www.ni.is/vetrarfugl. Mikilvægi vetrarfuglavöktunar kom glöggt í ljós í tengslum við síldardauðann í Kolgrafafirði undir lok ársins 2012 (sjá nánar síðar), en gríðarlega mikilvægt er að hafa aðgang að grunngögnum um lífríkið þegar atburðir af þessu tagi verða.

Rjúpa

Fjöldi rjúpukarra að vorlagi er álitinn mjög góður mælikvarði á þéttleika rjúpna og er því notaður til að vakta stofnsveiflu rjúpunnar [6]. Frá árinu 2001 hefur Náttúrustofan lagt til gögn frá svæði við sunnanverðan Hvammsfjörð, sem bætast við árlega vöktun Náttúrufræðistofnunar Íslands á stofninum og birtast sem hluti af niðurstöðum rjúpnavöktunar stofnunarinnar á landsvísu. Þessar rjúpnatalningar héldu áfram á árunum sem hér eru til umfjöllunar. Niðurstöður talninga þess svæðis fylgja ekki alltaf sveiflum á landsvísu, sem sýnir þörfina á að telja rjúpur á mörgum mismunandi svæðum til að fá heildaryfirlit um ástand stofnsins á öllu landinu.

Afrán í æðarvörpum

Árin 2014-2016 vann Aldís Erna Pálsdóttir að meistaraverkefni við Háskóla Íslands undir leiðsögn Jóns Einars Jónssonar og Róberts A. Stefánssonar. Í því rannsakaði hún varpvistfræði æðarfugls og afrán í æðarvörpum í eyjum á sunnanverðum Breiðafirði. Mældur var varptími, frjósemi o.fl. varðandi varpið og reynt að meta umfang afráns, hvaða tegundir rændu helst og hvort munur væri á milli eyja. Verkefnið var unnið í samvinnu Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Náttúrustofu Vesturlands. Aldís lauk meistaraprófi í ársbyrjun 2016 og kynnti verkefnið á ráðstefnum á Íslandi og erlendis.

Síldardauði og afleiðingar hans

Veturinn 2012-2013 urðu fáheyrðir atburðir í Kolgrafafirði á norðanverðu Snæfellsnesi þegar gríðarlegt magn síldar gekk inn á fjörðinn og hluti hennar drapst vegna súrefnisskorts. Starfsfólk Náttúrustofunnar fylgdist náið með og skráði atburðarásina sem fylgdi.

Síldargöngur, síldardauði og fuglar í Kolgrafafirði

Á árunum frá 2006-2014 gekk síld í miklum mæli inn á Breiðafjörð til vetrardvalar og hélt sig einkum á svæðinu frá Grundarfirði í vestri að Hvammsfirði í austri. Þetta dró að sér síldveiðiskip, sjávarspendýr og tugþúsundir fugla. Í desember 2012 var mikið magn síldar á Kolgrafafirði og mældi Hafrannsóknastofnun tæp 300 þúsund tonn af síld á innanverðum Kolgrafafirði þann 13. desember 2012. Sama dag féll súrefnismettun sjávarins í firðinum niður fyrir hættumörk og drápust þess vegna um 30 þúsund tonn af síld. Lítinn hluta síldarinnar rak á land vítt og breitt um fjörðinn en megnið rotnaði á botninum. Rotnunin gekk á súrefnið og annar síldardauði varð þann 1. febrúar 2013. Þá drápust um 22 þúsund tonn af síld og rak verulegt magn á land, sérstaklega nærri bænum Eiði. Fuglar sóttu í bæði lifandi og dauða síld og skapaðist veruleg hætta á að síldargrútur festist í fiðri þeirra sem athöfnuðu sig í ferskri síld í fjörum, sem lá ofan á grútarlagi síðan úr fyrri síldardauðanum.

Ríkisstjórnin samþykkti að veita fjármagni til að vakta svæðið. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerði samning þar sem Hafrannsóknastofnun var falið að rannsaka síld og umhverfisþætti, Umhverfisstofnun að vakta grút í fjörum og Náttúrustofu Vesturlands að fylgjast með fuglalífi, sérstaklega m.t.t. grútarmengunar í fuglum. Það var gert með eftirlitsferðum á u.þ.b. 5 daga fresti frá fyrri hluta febrúar fram í apríl en tíðni ferða minnkaði smám saman þar til þeim var hætt í lok maí. Talsvert sást af fuglum sem fengið höfðu grút í fiðrið en illa gekk að fanga fuglana

til aðhlynningar, því þeir náðu að synda á haf út eða flögra á undan starfsmönnum. Á meðal blautra fugla voru nokkrir ernir og var eftirlitinu því beint sérstaklega að þeim.

Þegar kólnaði á ný eftir langan hlýindakafla í febrúar hurfu langflestir blautir fuglar, sem gæti bent til þess að þeir hafi þá drepist úr kulda, en ljóst er að nokkur fjöldi fugla drapst. Tjón á fuglalífi varð þó minna en óttast var í upphafi, sem má e.t.v. að einhverju leyti þakka hreinsunaraðgerðum á svæðinu.

Starfsmenn Náttúrustofunnar sáu um fuglaathuganir í Kolgrafafirði og komu upplýsingum jafn óðum til yfirvalda og fjölmiðla. Þeir tóku einnig að sér að hjúkra nauðstöddum fuglum, þrífa úr þeim grút og gefa að éta. Starfsmennirnir héldu sömuleiðis marga opinbera fyrirlestra um atburðarásina og í desember 2013 röktu þeir hana fyrir og eftir síldardauðann í grein í Fuglum, ársriti Fuglaverndar [7].

Að verkefninu í Kolgrafafirði komu ýmsir aðilar, þar á meðal nefnd ráðuneytisstjóra, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun, Grundarfjarðarbær, landeigendur og Náttúrustofa Vesturlands. Talsvert samráð og samstarf var á milli þessara aðila, sem og reglulegir fundir.

Afleiðingar síldardauðans fyrir líf á botni Kolgrafafjarðar

Langvarandi súrefnisþurrð á og við botn Kolgrafafjarðar, m.a. vegna mikils magns rotnandi síldar, olli dauða stórs hluta botndýra í Kolgrafafirði veturinn 2012-2013. Náttúrustofunni þótti mikilvægt að rannsaka þennan þátt lífríkisins og fylgjast með hvernig og hvenær bati kæmi fram í fjörum og á botni fjarðarins. Hvorki ráðuneyti né ríkisstofnanir á þessu sviði töldu sig hafa tök á að ráðast í slíkar rannsóknir.

Náttúrustofan kom því á fót rannsóknahópi, sem samanstóð af líffræðingum stofunnar, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindastofnunar Háskóla Íslands og Rorum ehf. Vegagerðin veitti styrki sem gengu upp í kostnað af sýnatöku af botni og úr fjörum sumrin 2013-2016, sem og frumúrvinnslu. Valtýr Sigurðsson vann úr og greindi innihald sýna sem tekin voru 2013 og nýtti

efniviðinn í meistaraprófsritgerð í líffræði við Háskóla Íslands, sem hann skilaði vorið 2015. Unnið hefur verið úr sýnum sem tekin voru eftir 2013 í samstarfi Náttúrustofunnar, Háskóla Íslands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Verkefnið hefur verið kynnt í prófritgerð og fjölmörgum fyrirlestrum.

Tegundir og þekja þörunga í fjörum

Sýni voru tekin af dýrum og þörungum úr fjörum Kolgrafafjarðar sumrin 2013-2015 til að rannsaka hvaða áhrif síldardauðinn hefði haft þar. Niðurstöðurnar má bera saman við sýni sem tekin voru á sömu stöðum árið 1999 [8]. Hinrik Konráðsson nýtti sér þörungasýnin í B.S.-verkefni sínu við Landbúnaðarháskóla Íslands þegar hann vann verkefni um tegundasamsetningu og þekju þörunga í fjörum Kolgrafafjarðar í kjölfar síldardauðans, undir leiðsögn Karl Gunnarssonar, þörungasérfræðings Hafrannsóknastofnunar, og Róberts A. Stefánssonar, forstöðumanns Náttúrustofunnar. Niðurstöðurnar sýndu að fremur litlar breytingar virðast hafa orðið á þessum þætti lífríkisins eftir síldardauðann. Rannsóknin bætti verulega við þekkingu á tegundafjölbreytni þörunga á svæðinu, því samtals greindust 43 tegundir þörunga, þar af 11 tegundir brúnþörunga, 17 rauðþörungar og 15 grænþörungar. Verkefnið var kynnt í B.S. ritgerð og fyrirlestri í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Greining á dýralífi í fjörusýnunum hefur enn ekki farið fram.

Aðrar rannsóknir

Vöktun fiðrilda

Á síðustu árum hafa rannsóknir á íslenskum fiðrildum verið stórauknar. Um er að ræða samstarfsverkefni nokkurra aðila þar sem náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands eru stærstu leikendurnir. Komið hefur verið fyrir ljósgildrum fyrir fiðrildi vítt og breitt um landið, sem veiða fiðrildi á tímabilinu frá apríl til nóvember. Gildrurnar eru tæmdar vikulega.

Meginmarkmið verkefnisins eru einkum tvö. Annars vegar að fá betri upplýsingar um fiðrildafánu landsins, þ.e. hvaða tegundir er að finna á hvaða svæðum, hlutfallslegt algengi þeirra og hvenær þau eru helst á flugi. Hins vegar gefur verkefnið mikilvægar upplýsingar um umhverfisbreytingar, svo sem landnám og dreifingu nýrra tegunda og breytingar á flugtíma einstakra tegunda vegna eldgosa, veðurfars og loftslagsbreytinga. Vorið 2011 setti Náttúrustofan upp fiðrildagildru við Gufuskála í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og er sú gildra rekin í samvinnu við þjóðgarðinn. Vorið 2012 setti Náttúrustofan einnig upp gildru við Stykkishólm og sér á hverju ári um vikulega tæmingu og almennt viðhald gildrunnar frá vori til hausts. Verkefnið á landsvísu var kynnt í fyrirlestri á Líffræðiráðstefnunni haustið 2011.

Ágengar plöntur

Sumarið 2008 gerði Náttúrustofa Vesturlands að beiðni Stykkishólmsbæjar úttekt á útbreiðslu fjögurra ágengra eða mögulega ágengra plöntutegunda í landi sveitarfélagsins, sem nær yfir tæpa 10 ferkílómetra. Kveikjan að verkefninu var erindi frá bæjarbúum þar sem lýst var áhyggjum af útbreiðslu alaskalúpínu og óskað eftir aðgerðum gegn henni. Tvær plöntutegundanna, alaskalúpína og skógarkerfill, eru opinberlega flokkaðar sem ágengar, risahvannir eru í flokki mögulega ágengra plantna, auk þess sem innflutningur þeirra til landsins hefur verið bannaður, en ekki hefur verið staðfest hvort spánarkerfill sé ágengur [9], þótt sums staðar virðist hann sýna tilburði í þá átt. Með kortlagningu Náttúrustofunnar á útbreiðslu ágengra eða mögulega ágengra plantna í Stykkishólmi árið 2008 fengust mikilvægar upplýsingar um umfang vandans. Í skýrslu til

sveitarfélagsins árið 2009 lagði Náttúrustofan til að öllum framangreindum plöntutegundum yrði útrýmt úr landi Stykkishólmsbæjar með markvissum aðgerðum og setti fram leiðir að því markmiði með aðferðum sem sniðnar voru að hverri tegund [10].

Árlegar útrýmingaraðgerðir á vegum Stykkishólms-bæjar hófust vorið 2010 undir faglegri verkstjórn Náttúrustofunnar, en samhliða útrýmingaraðgerðum hóf Náttúrustofan samanburðartilraun á árangri mismunandi aðferða til útrýmingar lúpínu í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þessum verkefnum var haldið áfram árin 2011-2016. Yfirbragð gróðurfars í sveitarfélaginu sýnir að verulegur árangur hefur náðst og var það staðfest í úttekt á tilraunareitum sumarið 2015. Hún sýndi að lúpínan hefur hopað verulega vegna sláttar og aðrar tegundir náð fótfestu, einkum grös. Eitur var eingöngu notað á fimm tilraunareiti til samanburðar við sláttinn. Þar hafði lúpínan líka hopað mikið en annar gróður ekki náð sér eins vel á strik og í slegnum tilraunareitum. Niðurstöður úttektar á tilraunareitum voru kynntar í grein í Náttúrufræðingnum sumarið 2016 en einnig á ráðstefnum innan lands og utan árin 2015 og 2016.

Sumarið 2015 gerði Náttúrustofan úttekt á útbreiðslu framandi tegunda á Snæfellsnesi með styrk frá sveitarfélögunum. Gögnin verða tekin saman í skýrslu í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.



Umhverfis- og náttúruvernd

Vísindalegar náttúrurannsóknir eru sannarlega liður í ábyrgri auðlindanýtingu og umhverfis- og náttúruvernd. Þó eru mörg verkefni unnin á Náttúrustofunni sem tengjast þessum málaflokki án þess að fela í sér beinar rannsóknir. Þar á meðal er seta í nefndum og starfshópum ásamt verkefnum sem henni fylgja, svo sem skrif skýrslna eða greinargerða fyrir opinbera aðila, vinna að umhverfisvottun sveitarfélaga á Snæfellsnesi, þjónusta við Breiðafjarðarnefnd, vinna tengd Umhverfishópi Stykkishólms, heimildarannsóknavinna sem tengist náttúruvernd og almenningsfræðsla.

Seta í nefndum, stjórnum og starfshópum

Þátttaka í opinberri stefnumótun og önnur nefndastörf varðandi náttúruvernd og náttúrurannsóknir var veigamikill hluti af starfsemi Náttúrustofunnar á árunum 2011-2016. Vóg þar hvað þyngst formennska í nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra.

Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra

Hinn 9. júlí 2010 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra Menju von Schmalensee, sviðsstjóra Náttúrustofunnar, formann nefndar sem samkvæmt erindisbréfi var ætlað að varpa skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða, og leggja fram tillögur um úrbætur með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Vinna nefndarinnar átti ekki að einskorðast við að rýna framkvæmd laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, heldur átti hún að taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvölum, í víðu samhengi. Nefndin skoðaði því einnig önnur lög er tengdust viðfangsefninu eftir því sem ástæða þótti til.

Vinna nefndarinnar er fyrsti áfanginn í því ferli að semja nýtt lagafrumvarp sem tekur til verndar, velferðar og veiða á villtum fuglum og spendýrum. Í

Nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra ásamt umhverfis- og auðlindaráðherra eftir afhendingu skýrslunnar. Frá vinstri: Þórunn Elfa Sæmundsdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Hólmfríður Arnardóttir, Hildur Vésteinsdóttir og Arne Sólmundsson. Páll Hersteinsson og Sigmar B. Hauksson tóku báðir þátt í starfi nefndarinnar en léstust skyndilega áður en nefndarstarfinu lauk.

nefndinni var stefnt saman sérfræðingum með þekkingu á náttúruvernd, náttúrufræðum, veiðum og alþjóðasamningum á sviði veiða og náttúruverndar til að taka saman heildaryfirlit um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra og setja fram tillögur um úrbætur.

Við vinnu sína hafði nefndin það að leiðarljósi að veita sem víðtækasta yfirsýn um málefnið og lagði auk þess áherslu á umfangsmikið samráð við bæði fagaðila og hagsmunaaðila. Nefndin fundaði samtals 38 sinnum, oftast á heilsdagsfundum. Segja má að vinna nefndarinnar hafi skipst í þrjár lotur:

Strax í upphafi var óskað sérstaklega eftir ábendingum frá 77 aðilum. Nefndinni bárust skriflegar ábendingar frá 21 þeirra og auk þess átti hún 12 samráðsfundi með mismunandi aðilum. Í þessari fyrstu lotu vinnunnar var efni skýrslunnar kortlagt og farið yfir öll þau atriði sem nefndin taldi nauðsynlegt að skýrslan næði til. Auk samráðs á formi innsendra ábendinga og samráðsfunda áttu nefndarmenn óformlega fundi og samtöl um afmörkuð málefni við ýmsa aðra aðila. Þá lögðust nefndarmenn í ítarlega heimildavinnu og tóku til skoðunar þá alþjóðlegu samninga og viðmið sem málefninu tengjast, auk þess að fara í saumana á fjölda skýrslna, greinargerða, vísindagreina og mismunandi laga. Fyrstu drög að skýrslu nefndarinnar lágu fyrir við lok þessarar lotu.

Í annarri lotu mótaði nefndin fjölda meginreglna, sem byggðu á meginreglum settum fram í þeim alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt auk annarra upplýsinga sem nefndin hafði aflað sér og taldi æskilegt að hafa að leiðarljósi. Með hliðsjón af meginreglunum fór nefndin yfir allar sínar tillögur að nýju og mátaði þær við reglurnar. Með þessu móti skerptust tillögurnar og lá í lok þessarar lotu fyrir nokkuð fullmótuð skýrsla.

Í þriðju lotunni var, í anda þess að hafa sem víðtækast samráð, ákveðið að gefa 27 aðilum úr röðum sérfræðinga og valdra fulltrúa hagsmunaaðila kost á að lesa skýrsluna að hluta eða í heild og koma ábendingum til nefndarinnar um það sem að þeirra mati mætti betur fara. Barst nefndinni yfirlesinn texti með ábendingum frá 16 þessara aðila, auk athugasemda á öðru formi frá 5 aðilum til viðbótar. Með það fyrir augum að reyna að skapa sem besta sátt um tillögur nefndarinnar og fyrirbyggja misskilning um

einstök atriði fór hún ítarlega yfir allar innsendar athugasemdir og tillögur yfirlesara og voru í kjölfarið gerðar margvíslegar breytingar á texta skýrslunnar og tillögum nefndarinnar.

Nefndarstarfið og skýrslugerðin var eitt viðamesta starf sviðsstjóra Náttúrustofunnar í rúmlega tvö og hálft ár en nefndin skilaði af sér ítarlegri 350 blaðsíðna skýrslu (auk formála og þriggja viðauka) vorið 2013 [11]. Sviðsstjóri Náttúrustofunnar stýrði nefndarvinnunni og skrifaði talsverðan hluta skýrslunnar, auk þess að ritstýra henni í heild og sjá um umbrot. Efni skýrslunnar var m.a. kynnt á sérstakri málstofu á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, sem haldin var í Reykjavík dagana 8.-9. nóvember 2013.

Starfshópur um verndun og endurreisn svartfuglastofna

Þann 12. september 2011 skipaði umhverfisráðherra sviðsstjóra Náttúrustofunnar í starfshóp um verndun og endurreisn svartfuglastofna, sem viðleitni í þá átt að bregðast við viðkomubresti sjófugla og hruni í stofnum þeirra. Átti hópurinn sérstaklega að fjalla um veiðar og nýtingu svartfugls og skila ráðherra tillögum sem nýst gætu til að draga úr eða snúa við þessari þróun. Hópurinn skilaði skýrslu um málið í desember sama ár.

Stjórn vinnuhóps um ágengar tegundir

Vistfræðifélag Íslands var stofnað í nóvember 2009. Hlutverk félagsins er að efla íslenskar vistfræðirannsóknir með því að stuðla að kynningum á rannsóknum íslenskra vistfræðinga og vistfræðinema, efla tengsl milli þeirra sem sinna vistfræðirannsóknum og stuðla að samræmingu vistfræðirannsókna á Íslandi. Undir lok ársins 2010 var stofnaður vinnuhópur félagsins um ágengar tegundir, sem hefur það m.a. að markmiði að leiða saman sérfræðinga sem tengjast málefninu og stuðla að aukinni almenningsvitund um ágengar tegundir. Sviðsstjóri Náttúrustofunnar er í forsvari fyrir hópinn ásamt Kristínu Svavarsdóttur, sérfræðingi hjá Landgræðslu ríkisins. Árið 2011 var hópurinn mjög virkur og átti talsverð samskipti, auk þess að standa fyrir skrifum blaðagreina um ágengar tegundir.

Starfshópur um vöktun og veiðar villtra fugla

Síðla árs 2014 hóf forstöðumaður Náttúrustofunnar setu í starfshópi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa, sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið fól að móta tillögur og forgangsröðun um vöktun stofna veiddra villtra fugla á Íslandi. Hópurinn skilaði skýrslu til ráðuneytisins, sem var notuð til grundvallar við endurskoðun á úthlutun fjármagns til vöktunar helstu veiðistofna fugla árið 2016.

Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar

Þann 19. febrúar 2016 skipaði Umhverfisstofnun forstöðumann Náttúrustofunnar, fyrir hönd Samtaka náttúrustofa, í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar. Meginhlutverk nefndarinnar er að stuðla að framkvæmd sjálfbærrar veiðistjórnunar og vera samráðsvettvangur um framgang reglna vegna ráðstöfunar tekna af sölu veiðikorta. Nefndin hefur m.a. stuðlað að því að samræma og bæta vöktun á helstu veiðistofnum fugla.

Samtök um vernd íslenskra háhyrninga

Í maí 2016 voru stofnuð ný alþjóðleg verndarsamtök, Orca Guardians, sem er sjálfstæður félagsskapur sem helgaður er verndun háhyrninga við Íslandsstrendur og búsvæðum þeirra, einkum með fræðslu og rannsóknum sem ekki krefjast inngrips í líf háhyrninga. Sviðsstjóri og forstöðumaður Náttúrustofunnar komu að stofnun verndarsamtakanna og sitja í stjórn þess, en frumkvæðið að stofnun samtakanna kom frá Marie Mrusczok, sem einnig er formaður stjórnar hennar. Áhugasamir eru hvattir til að skoða netsíðu félagsins, http://orcaguardians.org/, þar sem finna má ýmsan fróðleik og auk þess er hægt að gerast félagi og jafnvel „ættleiða“ háhyrning. Náttúrustofan veitir Marie faglegan stuðning við rannsóknir sínar á snæfellskum háhyrningum.

Stjórn Umhverfishóps Stykkishólms

Allt tímabilið sátu starfsmenn Náttúrustofunnar í stjórn Umhverfishóps Stykkishólms, sem er áhugamannafélag um umhverfismál, opið öllum sem vilja láta sig umhverfið varða. Sviðsstjóri Náttúrustofunnar hefur verið formaður hópsins frá stofnun þess árið 2004. Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa átt frumkvæðið að öllum verkefnum sem hópurinn hefur ráðist í og stýrt þeirri vinnu (sjá nánari umfjöllun um starfsemi hópsins á tímabilinu í sér kafla).

Aðrar nefndir og stjórnir á tímabilinu

Forstöðumaður Náttúrustofunnar sat á árunum 2007-2012 í fagráði sem var umsjónarnefnd tilraunaverkefnis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um svæðisbundna útrýmingu minks til ráðgjafar. Þá var hann allt tímabilið fulltrúi Náttúrustofunnar í stjórn W23, sem er klasi fimm náttúrutengdra stofnana á Snæfellsnesi: Náttúrustofu Vesturlands, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, útibús Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík, Varar Sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Hann sat í stjórn Samtaka náttúrustofa 2014-2015 og var formaður þeirra seinna árið. Þá tók hann þátt í undirbúningi að Sóknaráætlun fyrir Vesturland og var skipaður sem einn af 30 fulltrúum í Samráðsvettvangi Vesturlands árið 2016. Auk þess var hann varamaður í Breiðafjarðarnefnd 2012-2016.

Árið 2012 ákváðu sveitarfélögin á Snæfellsnesi ásamt fleirum að hefja samstarf um undirbúning svokallaðs svæðisgarðs (www.snaefellsnes.is). Starfið var undir stjórn Ráðgjafarfyrirtækisins Alta en Náttúrustofan kom að því, m.a. með ráðgjöf og vinnu í tengslum við undirbúning að svæðisskipulagi Snæfellsness. Starfsmaður Náttúrustofunnar (umhverfisfulltrúi), sem vann að umhverfismálum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, sat í svæðisskipulagsnefnd verkefnisins. Umhverfisfulltrúinn sat einnig í Samráðshópi staðardagskrárfulltrúa sveitarfélaganna, var þátttakandi í stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna á Vesturlandi og sat í Vatnasvæðanefnd Umhverfisstofnunar, sem ætlað var að aðstoða við flokkun vatns í vatnshlot, álagsgreiningar, setningu umhverfismarkmiða, gerð vöktunaráætlunar og aðgerðaáætlunar. Þá var hann í starfshópi sem undirbjó stofnun gestastofu Snæfellsness að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Umhverfisvottun sveitarfélaga

Árið 2003 hófu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, undirbúningsvinnu að umhverfisvottun EarthCheck (þá Green Globe) samtakanna fyrir vinnu í átt að sjálfbærari starfsháttum. Um er að ræða viðurkennd alþjóðleg vottunarsamtök með öfluga ástralska háskóla sem bakhjarla. Þetta eru einu samtökin sem fram til þessa hafa umhverfisvottað starfsemi sveitarfélaga en þau votta einnig starfsemi fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu. Eftir umfangsmikla vinnu hlaut Snæfellsnes loks vottun þann 8. júní 2008 og hefur haldið henni síðan. Til þess þarf svæðið að standast árlega úttekt óháðs aðila. Svæðið er það fyrsta í Evrópu og það fjórða í heiminum sem fengið hefur vottun, en nokkur svæði til viðbótar eru í vottunarferli.

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands hefur tekið þátt í vottunarverkefninu allt frá upphafi, fyrst með setu í stýrihópi og síðar í Framkvæmdaráði Snæfellsness, nefnd fulltrúa sveitarfélaganna fimm sem tekur stefnumótandi ákvarðanir fyrir verkefnið. Sumarið 2005 gerði Framkvæmdaráðið þjónustusamning við Náttúrustofuna um að vinna að vottuninni. Í upphafi var um að ræða vinnu umhverfisfulltrúa í hálfu starfi, svo 25% og í fullu starfi frá og með vorinu 2010. Um mitt ár 2013 var starfshlutfallið lækkað í 80% að kröfu sveitarfélaganna vegna þröngs fjárhags þeirra. Árið 2016 var starfssvið starfsmanns Náttúrustofunar sem sinnir þessari vinnu endurskilgreint, og er hann nú verkefnisstjóri umhverfisvottunar sveitarfélaganna.

Starfsemi vottunarverkefnisins er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða verkefni sem nauðsynlegt er að framkvæma á hverju ári eða reglulega, svo sem gagnasöfnun og vöktun auðlindanotkunar, uppfærsla umhverfisstjórnunarhandbókar, útgáfa ársskýrslu, endurskoðun á framkvæmdaáætlun, endurskoðun á innkaupaskráningakerfi, ýmis samskipti við vottunaraðila, starfsfólk sveitarfélagana, einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir, styrkumsóknagerð og skil áfangaskýrslna, pistlaskrif og kynningar fyrir almenning, viðhald heimasíðu verkefnisins (www.nesvottun.is) og fésbókarsíðu þess, nefndastörf og seta á ýmsum

Við árlega úttekt vegna umhverfisvottunar sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Frá vinstri: Stefán Gíslason, Theódóra Matthíasdóttir og Haukur Þór Haraldsson.

fundum, ráðgjöf um bláfánann og grænfánann og vinna í kringum árlega úttekt.

Hins vegar er um að ræða alls kyns sértæk verkefni sem styðja við vottunina og ýta undir úrbætur í umhverfismálum á Snæfellsnesi. Mörg slík fjölbreytt verkefni voru unnin á Náttúrustofunni árin 2011-2016 í tengslum við umhverfisvottun Snæfellsness. Má þá helst nefna aðkomu að ráðstefnu um umhverfisvottað Vesturland (2011), þátttöku í vísindaveislu Háskólalestar Háskóla Íslands og náttúrurannsóknatengdra stofnana á Snæfellsnesi (2011), þátttöku í Grænum apríl (2011), yfirumsjón með málþingi um vistvænni samgöngur (2012), ráðgjöf vegna umhverfisvottunar Vestfjarða (2012-2013), vinna að IPA- verkefninu Watertrail (2012 og 2013), vinnu sem tengdist svæðisskipulagi og svæðisgarði Snæfellsness (2012-2014), málþing um plast (2013), upplýsingaskilti um umhverfisvottunarverkefnið (2013-2014), uppsetning

sýningarinnar „(V)ertu græn(n)“ í Norska húsinu í samstarfi við Byggðasafn Snæfellinga (2013), samkeppni um hönnun margnota burðarpoka (2013), verkefni um fjölgun umhverfisvottaðra ferðaþjónustufyrirtækja (2013-2014), skoðanakönnun meðal íbúa Snæfellsness um stefnu verkefnisins (2013-2014), gerð nýrrar, ítarlegrar og mikið endurskoðaðrar framkvæmdaáætlunar (2014), úttekt á viðbragðsáætlunum (2014), úttekt á framfylgd laga og reglna (2014), vinna vegna tilnefningar sveitarfélagana fimm á Snæfellsnesi til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs fyrir umhverfisstarf þeirra (2014), þátttaka í „Jarðarstund“ (2015), vinna við og útgáfu „Skref í rétta átt“, sem er ítarleg greinargerð um umhverfisvottunarverkefnið en henni var dreift inn á öll heimili á Snæfellsnesi og til valdra aðila (2015-2016), hönnun á margnota burðarpoka sem dreift var inn á öll heimili á Snæfellsnesi (2015-2016), úttekt á útbreiðslu ágengra plantna á Snæfellsnesi (2015-2016) og undirbúningur og vinna að verkefninu „burðarplastpokalaust Snæfellsnes“ (2015-2016). Nánari upplýsingar um framangreind verkefni má finna í ársskýrslum umhverfisvottunarverkefnisins á heimasíðu þess (www.nesvottun.is).

Daglegur rekstur og umsjón verkefnisins var í höndum umhverfisfulltrúans/verkefnisstjórans, en bæði sviðsstjóri og forstöðumaður Náttúrustofunnar komu að umsjón þess ásamt vinnu tiltekinna verkefna á tímabilinu, sérstaklega gerð framkvæmdaáætlunar, greinargerðarinnar „Skref í rétta átt“ og úttekt á útbreiðslu ágengra plantna á Snæfellsnesi, svo eitthvað sé nefnt.

Umhverfishópur Stykkishólms

Umhverfishópur Stykkishólms var stofnaður árið 2004 og eru félagar hans rúmlega 60 talsins. Hópurinn, sem m.a. hefur það að markmiði að auka umhverfisvitund í samfélaginu, stóð á tímabilinu fyrir tveim málþingum í samstarfi við aðra og stóð fyrir gríðarlega vel heppnuðu átaki til að draga úr notkun plastpoka í Stykkishólmi. Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands stóð að stofnun Umhverfishópsins, situr í stjórn hans og hefur framkvæmt flest verkefnin á hans vegum.

Málþing um vistvænar samgöngur

Á árinu 2012 fékk Umhverfishópur Stykkishólms styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að halda málþing um vistvænni samgöngur þann 13. nóvember í Stykkishólmi. Sérfræðingar frá Orkusetri, Metanorku, MeGas ehf., Skyndibílum og Landvernd fjölluðu um vistvænni orkugjafa í samgöngum frá ýmsum hliðum í mjög fróðlegum erindum (sjá nánar í fyrirlestraskrá).

Fræðslukvöld um plast

Á árinu 2013 fékk Umhverfishópur Stykkishólms styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að halda fræðslukvöld um plast og var markmiðið m.a. að reyna að draga úr plastnotkun íbúa, t.d. með því að nota fjölnota innkaupapoka. Fræðslukvöldið var haldið í seinni hluta nóvembermánaðar og var styrknum varið til að fá þau Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðing hjá Environice, og Rannveigu Magnúsdóttur, sérfræðing hjá Landvernd, til að halda fræðsluerindi um plast og þær leiðir sem hægt er að fara til að draga úr notkun þess. Þátttaka var góð og umræður fjörugar.

Burðarplastpokalaust sveitarfélag

Á árinu 2014 fékk Umhverfishópur Stykkishólms styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til verkefnisins „Tilraunaverkefni um burðarplastpokalaust sveitarfélag“.

Fyrri hluta ársins var varið í upplýsinga- og gagnaöflun um plast og aðra heppilegri valkosti en plastburðarpoka. Þá var fundað með verslunar- og þjónustuaðilum í Stykkishólmi og þeir aðstoðaðir við að finna aðrar lausnir en plastburðarpoka í sínum rekstri. Viðbrögðin voru afar jákvæð og öll fyrirtæki og stofnanir, að einu undanskildu, vildu strax hætta með burðarplastpokana. Fyrirtækið sem ekki treysti sér til að hætta alfarið með plastpokana tók þó einnig þátt í verkefninu með því að auka framboð niðurbrjótanlegra og margnota burðarpoka, og dró verulega úr sölu plastpokanna þar.

Burðarplastpokinn var kvaddur að viðstöddu margmenni á mikilli hátíð þann 12. september 2014, Íbúar tóku átakinu afar vel og fjölmiðlar fjölluðu talsvert um það. Verslanir og þjónustuaðilar sem hættu með burðarplastpokana voru merkt með sérstökum „Burðarplastpokalaus – plastic bag free“ límmiðum

Dómnefnd og vinningshafar myndbandasamkeppni um plast. Frá vinstri: Anna Margrét Ólafsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir, Haukur Páll Kristinsson, Sara Rós Hulda Róbertsdóttir, Theódóra Matthíasdóttir, Aron Alexander Þorvarðarson og Rannveig Magnúsdóttir.

og borðstöndum og verkefnið stóð fyrir myndbandasamkeppni um plast. Níu frábær myndbönd bárust í keppnina, en þau má öll finna á YouTube með því að slá inn leitarorðið „burðarplastpokalaus“. Í október 2014 voru myndböndin níu sýnd við hátíðlega athöfn og verðlaun afhent.

Í gegnum allt verkefnið var lögð áhersla á fræðslu og miðlun upplýsinga til þjónustuaðila og almennings. Skrifaðir voru fjölmargir fræðslupistlar og fréttatilkynningar ásamt því sem haldið var úti mjög virkri Fésbókarsíðu verkefnisins (Burðarplastpokalaus Stykkishólmur), þar sem finna má frekari upplýsingar. Þá var hannað sérstakt fræðsluplakat og því dreift víða um bæinn. Á árunum 2015 og 2016 var verkefnið kynnt í fyrirlestrum og á veggspjaldi.

Tilraunaverkefnið tókst framar vonum og verulega dró úr notkun plastpoka, bæði að frumkvæði íbúa og þjónustuaðila. Þá hafa önnur sveitarfélög og einstaklingar víða um land leitað í reynslu aðstandenda verkefnisins og sýnt áhuga á að stíga svipuð skref. Verkefnið sýnir að hægt er að ná miklum árangri með mikilli og viðvarandi fræðslu og kynningu. Fullnaðarárangur næst þó tæplega á næstunni nema með því að banna notkunina alfarið.

Breiðafjarðarnefnd

Breiðafjörður er einstök náttúruperla og er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt fyrrnefndum lögum. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun fjarðarins, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins.

Náttúrustofa Vesturlands er í miklum tengslum við Breiðafjarðarnefnd en Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrustofa Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands eiga sameiginlegan fulltrúa í nefndinni og hafa skipt nefndarsetunni bróðurlega á milli sín.

Frá árinu 2001 hefur starfsmaður Náttúrustofunnar sinnt daglegum rekstri nefndarinnar í því sem jafngildir 25% stöðu samkvæmt samningi við nefndina. Á tímabilinu stóð nefndin fyrir ýmsum verkefnum, en umfjöllun um þau og frekari upplýsingar um nefndarstarfið má finna á heimasíðu nefndarinnar www.breidafjordur.is.

Umsagnir

Náttúrustofur fá gjarnan send til umsagnar lagafrumvörp og þingsályktunartillögur frá Alþingi. Á undanförnum árum hafa Samtök náttúrustofa oftast svarað slíkum beiðnum í sameiningu og þannig samnýtt krafta sína. Einnig fá náttúrustofurnar stundum til umsagnar erindi frá Umhverfisstofnun eða jafnvel frá nefndum og starfshópum sem vinna að undirbúningi lagafrumvarpa eða stefnumótandi áætlana. Á árunum 2011-2016 sendi Náttúrustofan sjálf eða í samvinnu við aðrar náttúrustofur samtals 17 opinberar umsagnir um ýmis mál. Flestar voru þær um frumvörp til laga (7) og þingsályktanir (4).

Rannsóknaáætlun vegna áhrifa þörungatekju á lífríki

Breiðafjörður er víðáttumesta grunnsævis- og fjörusvæði landsins og er þar að finna auðugt lífríki ofan sjávar og neðan. Þang og þari eru á meðal mikilvægustu lífvera Breiðafjarðar en umfangsmestu þaraskógar landsins eru í Breiðafirði. Þörungarnir mynda

undirstöður auðugs lífríkisins og eru lykiltegundir í búsvæði sem nefnt hefur verið regnskógar norðursins vegna mikils lífmagns og fjölbreytni.

Þörungaverksmiðja hefur verið starfrækt á Reykhólum við norðanverðan Breiðafjörð síðan árið 1975. Fyrirtækið framleiðir mjöl úr klóþangi (*Ascophyllum nodosum*), hrossaþara (*Laminaria digitata*) og stórþara (*Laminaria hyperborea*), sem sótt eru til vinnslu víðs vegar úr Breiðafirði. Síðustu ár hefur vaknað áhugi annarra aðila á þörungatekju úr Breiðafirði. Gangi fyrirhugaðar áætlanir fyrirtækjanna sem vilja sækja á þessi mið eftir, gæti þörungatekja úr Breiðafirði margfaldast frá því sem verið hefur.

Möguleg áhrif þörungatekju á annað lífríki hafa aldrei verið rannsökuð hér á landi en í ljósi þess að nýtingin stefnir í að stóraukast og að í Breiðafirði er að finna mikilvæg mið og/eða uppeldisstöðvar fyrir ýmsa nytjastofna, svo sem hörpudisk, þorsk, ufsa, hrognkelsi, bláskel og ígulker, er fyllsta ástæða til að slíkar rannsóknir fari fram áður en nýtingin verður aukin. Nauðsynlegt er að tryggja að aukin þörungatekja verði sjálfbær, hvort sem litið er til þörunganna sjálfra eða annarra lífvera sem háðar eru tilvist þeirra. Til þess að það verði hægt, er nauðsynlegt að ráðast í rannsóknir og vöktun með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Með það í huga sótti Náttúrustofan um styrki frá AVS rannsóknasjóðnum í sjávarútvegi og frá Breiðafjarðanefnd til að þess að vinna þverfaglega áætlun um rannsóknir og vöktun á lífríki fjarðarins og taka saman greinargerð um stöðu þekkingar á þörunganytjum almennt. Gerð slíkrar áætlunar er ekki einföld, þar sem kortleggja þarf samspil mismunandi lífveruhópa til að ákveða hvaða lykiltegundir sé farsælast að vakta og hvernig nema megi breytingar sem orðið gætu á lífríki vegna þörungatekjunnar. Því þarf þverfaglega nálgun mismunandi sérfræðinga.

Styrkirnir fengust báðir í byrjun árs 2016, og var unnið að verkefninu á árinu í samstarfi við starfsmenn Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnunar, en forstöðumaður Náttúrustofunnar leiðir þá vinnu. Vonast er til að slík rannsókna- og vöktunaráætlun stuðli að því að vandaðar rannsóknir geti orðið grunnur að sjálfbærri nýtingu þörunga við Breiðafjörð um ókomin ár.

Fræðsla

Eitt af hlutverkum náttúrustofa er að stuðla að fræðslu. Henni var sinnt með ýmsu móti árin 2011-2016, svo sem með fyrirlestra- og málþingahaldi, skrifum, samvinnu við skóla, náttúruskoðunarferðum, vísindaveislu og mörgu öðru.

Fyrirlestrahald

Fyrirlestrar geta verið skilvirk leið til að miðla fræðslu og koma upplýsingum á framfæri. Náttúrustofan stóð á tímabilinu fyrir fjölda fyrirlestra, sem ýmist voru öllum opnir eða fyrir afmarkaða hópa.

Fyrirlesarar voru annað hvort starfsmenn Náttúrustofunnar eða sérfræðingar sem sérstaklega hafði verið boðið að halda erindi. Uppákomur af þessu tagi voru stundum haldnar í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Umhverfishóp Stykkishólms, Framkvæmdaráð Snæfellsness eða aðra aðila. Erindin fjölluðu jafnan um náttúruna og umhverfismál, t.d. rannsóknir stofunnar og annarra. Opinberir fyrirlestrar voru opnir öllum og aðgangur ávallt ókeypis. Á árunum 2011-2016 stóð Náttúrustofan í samvinnu við ýmsa aðra aðila auk þess að fjórum málþingum; um umhverfisvottun Vesturlands, matþörunga, vistvænni samgönguhætti og plast. Á tímabilinu hélt starfsfólk Náttúrustofunnar samtals 109 fyrirlestra, þar af 44 opinbera fyrirlestra, 52 fyrirlestra fyrir lokaða hópa og 13 fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum. Að auki kom Náttúrustofan að fyrirlestraröð Samtaka náttúrustofa, þar sem sex fyrirlestrar voru haldnir. Einnig voru flutt 22 erindi gestafyrirlesara á vegum Náttúrustofunnar, flest í Stykkishólmi. Finna má nánari upplýsingar um fyrirlestra á vegum Náttúrustofunnar í fyrirlestraskrá þessarar skýrslu.

Skrif

Miðlun upplýsinga og fræðslu á rituðu formi getur verið árangursrík leið til að koma áhugaverðu efni á framfæri. Á tímabilinu var starfsfólk Náttúrustofunnar á meðal höfunda 16 skýrslna, 4 ritrýndra alþjóðlegra vísindagreina og 7 greina í íslenskum tímaritum, auk þess að eiga 33 framlög í útdráttaheftum íslenskra og erlendra ráðstefna og skrifaði texta á fjögur fræðsluskilti. Fimm stúdentar kláruðu

námsritgerðir sínar í náinni samvinnu við Náttúrustofuna. Þá voru fræðslupistlar og fréttatilkynningar einnig birtar á heimasíðu Náttúrustofunnar, www.nsv.is, heimasíðu umhverfisvottunarverkefnis sveitarfélaganna, www.nesvottun.is, og í öðrum fjölmiðlum, oftast í staðarblöðum á Snæfellsnesi en einnig birtist efnið t.d. í vikublaði Vestlendinga, Skessuhorni, Fréttablaðinu eða Morgunblaðinu. Finna má nánari upplýsingar í ritaskrá þessarar skýrslu.

Kennsla og önnur samvinna við skóla

Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur í gegnum árin átt gott samstarf við öll skólastig, í mismiklum mæli þó. Leikskólabörn, grunn- og framhaldsskólanemendur hafa komið í heimsókn og kynnst starfseminni og ýmsum náttúrufyrirbrigðum. Á síðari árum hefur mestur tími þó farið í leiðbeiningu nemenda í B.S. eða M.S. verkefnum við Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fimm háskólastúdentar unnu á tímabilinu rannsóknaverkefni sín í náinni samstarfi við Náttúrustofuna. Rannveig Magnúsdóttir vann doktorsverkefni um fæðuvistfræði minks á tímabilinu og varði ritgerð sína 2013, en bæði forstöðumaður og sviðsstjóri Náttúrustofunnar unnu náið með henni að verkefninu. Valtýr Sigurðsson varði meistararitgerð um áhrif síldardauða á botndýr Kolgrafafjarðar 2015 og Aldís E. Pálsdóttir varði meistararitgerð um varp æðarfugls og afrán í æðarvörpum 2016 en forstöðumaður Náttúrustofunnar var meðleiðbeinandi í báðum síðarnefndum verkefnum. Öll þrjú verkefnin voru unnin við Háskóla Íslands, en fjallað hefur verið sérstaklega um þau annars staðar í þessari starfsskýrslu.

Menja von Schmalensee var leiðbeinandi Hrafnkötlu Eiríksdóttur í lokaverkefni hennar til B.S. gráðu. Verkefnið fjallaði um landnotkun hreindýra með hliðsjón af umsvifum manna og lauk í desember 2013. Róbert A. Stefánsson var meðleiðbeinandi í B.S. lokaverkefni Hinriks Konráðssonar um tegundasamsetningu og þekju þörunga í Kolgrafafirði, sem lauk 2016 og leiðbeinandi Pavle Estrajher í B.S. lokaverkefni um fuglaskoðun á sunnanverðu Vesturlandi, sem hófst á tímabilinu. Öll verkefnin voru unnin við umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands.

Haustið 2011 heimsótti starfsmaður Náttúrustofunnar nemendur í ferðamálafræði við Menntaskóla Borgarfjarðar, kynnti þeim starfsemi Náttúrustofunnar og hélt erindi um framandi og ágengar lífverur í náttúru Íslands.

Haustin 2011 og 2012 tóku starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í kennslu námskeiðsins Vistfræði spendýra við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Í júní 2011 sáu starfsmenn Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi um kennslu í sumarnámskeiði í dýrafræði fyrir nema í náttúru- og umhverfisfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Fengu nemendur þar að kynnast rannsóknaraðferðum við fuglarannsóknir. Þá kenndi starfsmaður Náttúrustofunnar nemendum í vistfræði við Landbúnaðarháskólann í vettvangsferð um fuglagreiningar og -rannsóknir vorið 2016. Í júní 2012 fengu kennarar og hópur nema frá Hedemark University College í Noregi kynningu á stofunni og rannsóknum hennar á íslenska minkastofninum. Þá heimsóttu nemar frá University of British Columbia í Kanada Náttúrustofuna vorin 2012-2016 og nemar frá University of Quebec í Kanada vorin 2012 og 2013 til að fræðast um náttúru svæðisins, verkefni Náttúrustofunnar og umhverfisvinnu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

Starfsmenn Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tóku að sér kennslu í einum áfanga í Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustið 2014. Um er að ræða LÍF303 Verkefnalíffræði, sem að þessu sinni hafði það að markmiði að kynna nemendum lífríki Snæfellsness og Breiðafjarðar og hluta af þeim líffræðirannsóknum sem stundaðar eru á svæðinu.

Heimasíða

Náttúrustofa Vesturlands heldur úti heimasíðu á slóðinni www.nsv.is, þar sem finna má ýmsar upplýsingar um starfsemina, starfssvæðið og starfsfólk, m.a. stafrænar útgáfur af nær öllu sem gefið hefur verið út á vegum Náttúrustofunnar. Við lok tímabilsins var langt komin vinna við endurskipulagningu og endurgerð heimasíðunnar í samvinnu við Anok margmiðlun.

Fugla- og náttúruskoðun

Náttúruskoðunarferðir eru góð leið til að kynna náttúruna fyrir fólki. Vorið 2011 bauð Náttúrustofan í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi upp á fuglaskoðun í Stykkishólmi í tilefni af Vísindaveislunni (sjá síðar) og vorin 2014 og 2015 í tilefni af umhverfisdögum. Vorin 2012 og 2013 bauð Náttúrustofan upp á fjöruferð við Stykkishólm í tilefni af umhverfisviku Stykkishólmsbæjar, þar sem gestir fengu leiðsögn um lífríki fjörunnar. Dýrin heilluðu unga sem aldna, en alls fundust tæplega 30 dýrategundir (fyrir utan fugla og spendýr), þótt ekki væri stuðst við hjálpartæki eins og víð- og smásjár.

Fræðsluskilti

Á tímabilinu vann Náttúrustofan fjögur fræðsluskilti. Í fyrsta lagi var um að ræða fræðusluskilti um seli, á fjórum tungumálum (íslensku, ensku, frönsku og þýsku), sem sett voru upp við Ytri-Tungu og fræða ferðamenn um líffræði selanna sem þar má finna og hvernig beri að haga sér við selaskoðun til valda selunum sem minnstri truflun. Skiltin voru sett upp árið 2015. Sama ár var sett upp fræðsluskilti um umhverfisvottunarverkefni sveitarfélaganna á áningarstað við Búlandshöfða. Í þriðja lagi vann Náttúrustofan fræðsluskilti um síldardauðann í Kolgrafafirði og afleiðingar hans. Skiltið var sett upp við áningarstað í Kolgrafafirði 2016. Í fjórða lagi skrifaði starfsmaður Náttúrustofunnar texta á fræðsluskilti um fugla, sem sett var upp í Búðardal 2016.

Fuglasýning í Safnahúsi Borgarfjarðar

Náttúrustofan veitti ráðgjöf við undirbúning að uppsetningu sýningarinnar „Ævintýri fuglanna“ í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Sýningin var opnuð vorið 2013.



Heimildir um náttúrufar

Eitt af lögbundnum hlutverkum náttúrustofa er að varðveita heimildir um náttúrufar. Að beiðni Hvalfjarðarsveitar tók Náttúrustofa Vesturlands að sér að útbúa lista yfir heimildir sem fjalla um náttúrufar í sveitarfélaginu og útvega ljósrit af þeim heimildum sem væru aðgengilegar. Ritaðar heimildir undir 50 síðum voru ljósritaðar en aðeins titilsíða og efnisyfirlit voru ljósrituð úr umfangsmeiri heimildum. Ekki var ljósritað úr bókum, enda eru þær almennt aðgengilegri en aðrar heimildir. Leitað var á netinu, m.a. í Gegni og á heimasíðum stofnana á sviði náttúrufræða. Einnig var leitað í heimildaskrám aðgengilegra ritaðra heimilda og fyrirspurnir sendar til sérfræðinga á sviði náttúrufræða. Heimildir sem ekki tókst að útvega eru flestar óaðgengilegar en þó má líklega nálgast sumar þeirra með aðeins meiri vinnu. Upplýsingar af þessu tagi er mikilvægt að hafa aðgengilegar og geta nýst sveitarfélaginu mjög vel, t.d. við skipulag landnotkunar, við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda o.s.frv. Verkefnið var að mestu unnið af Sigurði Bjarnasyni og lauk 2011.

Vísindaveisla

Náttúrutengdar stofnanir á Snæfellsnesi, þ.e. Náttúrustofa Vesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, útibú Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík, Vör Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull mynda klasann W23 (Vestan 23, sem er tilvísun í breiddargráðu Snæfellsness). Hópurinn stóð fyrir vel heppnuðum vísindavökum í Grundarfirði (2008) og Ólafsvík (2009), en árið 2011 var ákveðið að sameina vísindavöku W23 við komu Háskólalestar Háskóla Íslands, sem heimsótti Stykkishólm í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands það ár. Útkoman var glæsileg vísindaveisla sem haldin var á Hótel Stykkishólmi og er áætlað að a.m.k. 300 manns hafi lagt leið sína í veisluna. Fjölmargt áhugavert var í boði og virtist fólk skemmta sér hið besta. A.m.k. var eftir því tekið að margir gestanna dvöldu í veislunni allar fjórar klukkustundirnar sem hún stóð yfir. Starfsfólk Náttúrustofunnar sýndi uppstoppuð dýr og rannsóknatæki og kynnti starfsemi stofunnar, með áherslu á minka- og arnarannsóknir.

Heimildamynd um rannsóknir

Sumarið 2012 fóru fram myndatökur og viðtöl við starfsmenn Náttúrustofunnar vegna umfjöllunar um minkarannsóknir, sem síðar birtist á RÚV í „Fjársjóði framtíðar“, vísindaþáttaröð um rannsóknir við Háskóla Íslands. Viðkomandi þáttur var sýndur sumarið 2013. Dagskrárgerð var í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar en um samsetningu og klippingu sá Konráð Gíslason.

Ýmis önnur verkefni

Fjölmörg úrlausnarefni berast inn á borð starfsfólks Náttúrustofunnar sem ekki hefur verið fjallað um hér að framan. Á meðal þeirra er aðhlynning villtra dýra í neyð, greining smádýra, almennt eftirlit með náttúru starfssvæðisins, vinna að eflingu Náttúrustofunnar, sí- og endurmenntun starfsmanna, ýmis mál sem tengjast almennum rekstri stofunnar og loks verkefni sem taka til stuðnings við nærsamfélagið.

Villt dýr í neyð

Undanfarin ár hefur björgun villtra dýra í neyð verið vaxandi þáttur í starfsemi Náttúrustofunnar. Í 7. grein laga um velferð dýra nr. 55/2013 segir að verði maður var við að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti, beri honum að veita því umönnun eftir þörfum. Náttúrustofan reynir að bregðast skjótt við ábendingum um dýr í neyð. Þörf er fyrir þjónustu af þessu tagi og gerir fagþekking starfsmanna og staðsetning náttúrustofa þær mjög heppilegan aðila til að sjá um hana. Hins vegar er aðkoma náttúrustofa í íslensku laga- og stjórnsýsluumhverfi óskýr hvað þetta varðar.

Fuglar

Reglulega er starfsmönnum Náttúrustofunnar gert viðvart um fugla í neyð. Er þá ávallt brugðist við eins hratt og aðstæður leyfa, en starfmenn Náttúrustofunnar hafa margsinnis fangað slasaða sjaldgæfa fugla eða tekið á móti þeim frá almenningi og komið í viðeigandi aðhlynningu. Í einhverjum tilfellum er aflífun eina mannúðlega úrræðið, ef útséð er um að dýrið muni nokkurn tíma jafna sig. Ef hægt er að lækna mein dýrsins er því haldið undir mannahöndum þar til það verður sjálfbjarga, ýmist í búrum hjá starfsfólki Náttúrustofunnar eða í þar til gerðri aðstöðu í Húsdýra- og fjölskyldugarðinum í Reykjavík. Á tímabilinu voru haförn, fálki, brandugla, súla, langvía, hrafn og svartbakur á meðal þeirra fuglategunda sem aðstoðaðar voru af starfsfólki Náttúrustofunnar. Á meðal orsaka fyrir vandræðum þessara fugla var áflug á línur eða girðingar, þeir höfðu flækst í net eða annað rusl, orðið fyrir skoti eða lent í grút.

Eftir síldardauðann í Kolgrafafirði í desember 2012 og febrúar 2013 lágu þúsundir tonna af síldargrút í fjörum og á yfirborði sjávar. Þetta skapaði hættu á að fuglar fengju grút í fiðrið og lentu í vandræðum. Náttúrustofan hafði eftirlit með fuglalífi á svæðinu og horfði sérstaklega eftir grútarblautum fuglum. Grútur

sást í örnum, máfum, hröfnum, tjöldum, öndum og súlum en erfiðlega gekk að handsama fuglana, sem yfirleitt gátu forðað sér út á sjó. Langvía og súla voru þó fangaðar til aðhlynningar og hafðar undir mannahöndum þar til fullnaðarhreinsun á fiðri var lokið. Til þess þurfti endurtekinn sápuþvott með nokkru millibili, auk þess sem fuglarnir þurftu tíma til að fitubera fiðrið á náttúrulegan hátt aftur eftir þvottana.

Grindhvalastrand á Snæfellsnesi

Síðdegis laugardaginn 7. september 2013 varð vart við mikinn fjölda grindhvala (marsvína) í höfninni í Rifi og næsta nágrenni. Aftakaveður var og ófært frá Stykkishólmi til Rifs. Þó fréttist af því að hvalir strönduðu síðar um kvöldið. Um hádegi sunnudaginn 8. september hafði veður lagast og hugðist þá starfsfólk Náttúrustofunnar, eftir að hafa kynnt sér aðferðir við björgun strandaðra hvala og viðurkenndar aflífunaraðferðir, fara á staðinn ásamt dýralækni til að skoða aðstæður og meta hvort mögulegt væri að bjarga einhverjum dýrum eða hvort rétt væri að aflífa þau sem enn væru á lífi. Þá bárust þær fréttir að allir hvalirnir væru dauðir og búið væri að skera þá flesta. Því var hætt við vettvangsferðina. Samtöl við fólk sem var á staðnum leiddu í ljós að aflífun a.m.k. sumra dýranna hafði ekki farið fram samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

Fjölmiðlar höfðu samband við Náttúrustofuna strax á sunnudeginum, sem benti á að við strandið hefði ekki verið fylgt starfsreglum um hvalreka sem settar höfðu verið af sex opinberum stofnunum, þ.e. Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Embætti yfirdýralæknis (sem nú heyrir undir Matvælastofnun), Hafrannsóknastofnun, Ríkislögreglustjóra og Samtökum heilbrigðisumdæma. Samkvæmt þeim á að gera stofnununum viðvart og yfirdýralæknir eða starfsmaður á hans vegum á að taka ákvörðun um aðgerðir þegar lifandi hvali rekur á land. Lögreglu á staðnum var greinilega ekki kunnugt um reglurnar og brást því ekki rétt við. Hvalreki gefur sjaldgæf tækifæri til hvalarannsókna og er því mikilvægt að Hafrannsóknastofnun eða fulltrúar stofnunarinnar fái tækifæri til mælinga á dauðum dýrum, þ.e. lengdarmælingu, kyngreiningu og sýnatöku til aldursgreiningar, erfðagreiningar og mengunarefnamælinga. Í þessu tilfelli var hluti hræjanna fjarlægður af svæðinu og jafnvel urðaður áður en starfsmenn Hafró höfðu tækifæri til sýnatöku. Einhver sýni náðust þó á mánudeginum.

Náttúrustofan vakti sömuleiðis athygli á því við fjölmiðla að grindhvalakjöt er mjög mengað af kvikasilfri og þrávirkum lífrænum efnum og getur því verið varasamt til neyslu. Náttúrustofan leitaði frekari heimilda og tók saman greinargerð um málið, sem birtist á heimasíðu Snæfellsbæjar þann 16. september. Jafnframt skoraði Náttúrustofan á landlækni og yfirdýralækni að gefa út viðvörun varðandi neyslu kjötsins. Sú yfirlýsing birtist á heimasíðu Matvælastofnunar þann 25. september.

Málið allt var mjög lærdómsríkt fyrir alla hlutaðeigendur, og hafa heimamenn og lögregla eftir því sem næst verður komist ávallt brugðist rétt við hvalreka og fylgt starfsreglum eftir að þetta gerðist.

Eftirlit með náttúru

Sumarið 2014 varð vart við dauða talsverðs fjölda æðarfugla, sérstaklega í og við æðarvarpið í Rifi. Sömuleiðis fundust tugir eða hundruð dauðra rita við Fróðárrif. Starfsmenn Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi fóru á Fróðárrif, mátu fjölda dauðra rita og söfnuðu hluta þeirra. Tekin voru sýni úr dauðum ritum og æðarfuglum og sendi Háskólasetrið þau til rannsókna á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði og til Bob Dusek, samstarfs-manns Rannsóknasetursins í Wisconsin í Bandaríkjunum, sem starfar á USGS National Wildlife Health Center. Rannsóknirnar bentu eindregið til einhvers konar eitrunar eða sýkingar en ekki tókst að staðfesta uppruna hennar.

Vorið 2012 var Náttúrustofunni tilkynnt um skemmdarverk á arnarhreiðri, sem tekið var mjög alvarlega og kært til lögreglu. Sökudólgurinn fannst ekki.

Efling Náttúrustofunnar

Eins og fram kom í fjármálakafla þessarar starfsskýrslu, mátti Náttúrustofan þola mikinn niðurskurð frá og með árinu 2009, reyndar mun meiri en aðrar stofnanir sem falla undir verksvið umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hún á enn langt í land með að ná þeim umsvifum sem hún hafði á árum áður. Starfsmenn Náttúrustofunnar og velunnarar hennar tóku þessum niðurskurði þó ekki þegjandi og hljóðalaust, og síðastliðin ár hefur mikil vinna farið í varnarbaráttu.

Mikilvægt er að treysta betur fjárhagslegan rekstrargrunn allra náttúrustofa, en benda má á að það fjármagn sem veitt er til stofanna nýttist enn betur til að sinna lögbundnum hlutverkum náttúrustofa ef starfsmenn þyrftu ekki á hverju ári að standa í varnarbaráttu fyrir tilvist stofanna og störfum sínum.

Hægt er að fara margar ólíkar leiðir til að efla starfsemi Náttúrustofu Vesturlands, s.s. með hækkun á rekstrarframlagi frá ríki og sveitarfélögum, með gerð sérstakra samninga um afmörkuð verkefni og með umsóknum í styrktarsjóði. Með því að auka sýnileika hennar og velvild í hennar garð er líklegra að velvilji fyrir slíku skapist hjá stjórnvöldum og almenningi.

Styrking grunnrekstrar

Starfsmenn Náttúrustofunnar beittu sér af talsverðum krafti á tímabilinu fyrir hækkun ríkisframlags til stofunnar og hafa fært margvísleg rök fyrir því að grunnframlag ríkis ætti að nema a.m.k. sambærilegri fjárhæð og hún var 2008. Með þetta að markmiði hafa starfsmenn farið á fjölda funda með ráðherrum, þingmönnum og öðrum sem haft gætu áhrif, ýmist á eigin vegum eða í samfloti með Samtökum náttúrustofa (SNS). Einnig voru upplýsingar um málið sendar til fjölmiðla, sem fjölluðu um málið. Þessi vinna skilaði því að eitthvað hægði á niðurskurðinum og árið 2016 var fyrsta árið frá hruni sem ríkisframlagið hækkaði á milli ára, þótt enn væri það langtum lægra en þegar það var hæst.

Samningar um sérstök verkefni

Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa síðastliðin ár talað fyrir því að gerðir yrðu sértækir samningar við opinbera aðila um að fela Náttúrustofunni framkvæmd verkefna gegn sanngjarnri greiðslu. Vel heppnuð dæmi um slíka samninga eru samningur milli sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi og Náttúrustofunnar um daglegan rekstur og framkvæmd verkefna vegna umhverfisvottunar sveitarfélaga, og samningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofunnar um daglegan rekstur nefndarinnar. Engir samningar um sértæk verkefni hafa verið gerðir á milli ríkis og

Náttúrustofu Vesturlands, en fordæmi eru fyrir slíkum samningum við aðrar náttúrustofur, s.s. varðandi vöktun hreindýra á Náttúrustofu Austurlands, og rannsóknir á vegum Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Norðausturlands.

Á tímabilinu unnu starfsmenn Náttúrustofunnar að því að gerðir yrðu samningar við ríkið varðandi vöktun minkastofnsins, vernd Breiðafjarðar og eflingu fuglarannsókna. Öll þessi verkefni er tilvalið að vinna á Náttúrustofu Vesturlands. Minkur er ágeng tegund í íslenskri náttúru og okkur ber skylda til að minnka tjón af hans völdum samkvæmt alþjóðlegum samningum á sviði náttúruverndar, sem Ísland er aðili að. Vöktun stofnsins ætti tvímælalaust að vera liður í því og eru starfsmenn Náttúrustofunnar einu líffræðingarnir á landsvísu sem starfa við minkarannsóknir. Breiðafjörður er verndaður með sérlögum og er í gildi verndaráætlun um verndun fjarðarins. Í henni eru fjölmörg verkefni sem nauðsynlegt er að vinna en hins vegar er hvergi að finna fjármagn til að koma þeim í framkvæmd. Tilvalið væri að vinna slík verkefni á Náttúrustofunni vegna nálægðar við viðfangsefnið og þekkingu og reynslu starfsmanna. Fuglarannsóknir eru eitt af sérsviðum Náttúrustofunnar, en stofan er hins vegar of undirmönnuð til að sinna öllum þeim rannsóknum sem nauðsynlegt væri að framkvæma vegna mikilvægis svæðisins fyrir fuglalíf, sem t.d. endurspeglast í því að Náttúrufræðistofnun Íslands telur Breiðafjörð vera mikilvægasta fuglasvæði landsins [12].

Því miður tókst ekki að ganga frá slíkum samningum á tímabilinu, en áfram verður unnið að því.

Styrkumsóknir

Ein leið til að efla starfsemi Náttúrustofunnar er að sækja um og hljóta rannsóknastyrki. Á hverju ári ver starfsfólk Náttúrustofunnar tíma til að sækja um styrki til verkefna og gera áfangaskýrslur og lokaskýrslur vegna styrkveitinga. Náttúrustofan hlaut styrki á tímabilinu en því miður hafa möguleikar hennar á stærri rannsóknarstyrkjum horfið síðustu ár vegna niðurskurðar til stofunnar. Flestir rannsóknasjóðir gera kröfu að hátt mótframlag umsækjenda, en stofan hefur síðustu ár ekki haft svigrúm til að leggja það fram á móti mögulegum styrk. Hækkun grunnframlags til Náttúrustofunnar myndi því einnig skila sér í því að hægt væri að sækja um fleiri og stærri rannsóknarstyrki og hefði þannig margföldunaráhrif.

Sýnileiki

Fyrir eflingu Náttúrustofunnar er mikilvægt að hún sé vel sýnileg. Bæði vegna þessa, og vegna fræðsluhlutverks stofunnar, fer á hverju ári nokkur tími hjá starfsmönnum í samskipti við fjölmiðla og í að skrifa fréttatilkynningar og minni háttar fræðslupistla fyrir minni og stærri fréttaveitur. Fundir með ráðamönnum og ýmsum samtökum þar sem starfsemi Náttúrustofunnar er kynnt eru nokkuð tíðir og geta verið mikilvægir í að auka sýnileika hennar. Þá er gott að almenningur hafi þekkingu á starfsemi stofunnar. Í tilefni af áratugar afmæli Náttúrustofunnar árið 2011 var öllum íbúum Vesturlands, sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi, þingmönnum, samstarfsfólki og öðrum velunnurum stofunnar boðið til opins húss í húsnæði Náttúrustofunnar. Um 100 manns mættu í veisluna, þar sem starfsemin var kynnt við góðar undirtektir. Opinberar starfsskýrslur til almennrar dreifingar eru einnig mikilvægur liður í því að kynna starfsemina fyrir almenningi og öðrum velunnurum náttúrustofa.

Sí- og endurmenntun starfsmanna

Mikilvægur liður í því að sinna fræða- og rannsóknastörfum er viðhald, endurnýjun og viðbætur á þekkingu. Á tímabilinu reyndi starfsfólk Náttúrustofunnar að sinna þessum þætti, í samræmi við fjárhag og tíma sem til ráðstöfunar var. Lestur nýrra fræðibóka og rannsóknagreina er mikilvægur liður í sí- og endurmenntun, en stundum geta sérstök námskeið um ákveðin mál einnig reynst vel í þeim efnum. Starfsmenn fóru á fáein slík stutt námskeið á tímabilinu.

Ráðstefnur og vinnufundir sérfræðinga eru einnig góð leið til að efla tengsl og öðlast nýja þekkingu. Starfsmenn Náttúrustofunnar fóru á tímabilinu á þrjár alþjóðlegar ráðstefnur/vinnufundi. Ráðstefna um marðardýr var haldin í Oxfordháskóla í mars 2013 og þriggja daga vinnufundir sérfræðinga um ágengar tegundir í Berlín veturna 2015 og 2016. Í báðum Berlínarferðunum var ferða- og gistikostnaður greiddur af gestgjafanum. Náttúrustofan tók einnig virkan þátt í ýmsum íslenskum ráðstefnum á sviði náttúrurannsókna á tímabilinu. Má þar helst nefna Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands árin 2011, 2013 og 2015 og ráðstefnur Vistfræðifélags Íslands árin 2012, 2015 og 2016. Vistfræðifélagið hélt einmitt ráðstefnu sína 2015 í Stykkishólmi í samstarfi við Náttúrustofuna. Starfsmenn sóttu einnig Náttúrustofuþing í Neskaupstað árið 2011 og á Höfn 2015. Nánari upplýsingar um framlög á ráðstefnum má finna í ritaskrá.

Öðru hverju fá sérfræðingar Náttúrustofunnar beiðni um að ritrýna innlendar eða alþjóðlegar vísindagreinar á sínu sérsviði. Þegar greinarnar falla vel að þekkingu og áhugasviði viðkomandi sérfræðinga hefur að jafnaði verið tekið vel í slíkar beiðnir, enda er slíkt jafningjamat einn af hornsteinum vísindavinnu samtímans, og er einnig góð leið til viðhalds þekkingar.

Almennur rekstur

Eins og á öllum rannsóknastofnunum þurfa starfsmenn að sinna verkefnum sem viðkoma almennum rekstri, eins og viðhaldi og endurnýjun á skrifstofu- og rannsóknabúnaði og innkaupum á rekstrarvörum fyrir skrifstofu og rannsóknir. Starfsmannahald er einnig liður í almennum rekstri sem getur verið tímafrekt, sérstaklega í tengslum við mannaráðningar og kjaramál. Starfsfólk Náttúrustofunnar sá einnig um bókhald stofunnar meirihluta tímabilsins.

Stuðningur við nærsamfélagið

Náttúrustofa Vesturlands hefur tekið þátt í atvinnuþróun og liðsinnt einstaklingum og sveitarfélögum varðandi nýsköpun og þróun á starfsemi sem tengist beint eða óbeint starfsemi Náttúrustofunnar. Á tímabilinu var fyrirtækið Þórishólmi ehf. aðstoðað við undirbúning að áframeldi ígulkera, m.a. með aðstoð við styrkumsóknir. Þá var í samvinnu við Matís, Green in Blue, Hafrannsóknastofnun og Íslenska bláskel og sjávargróður unnið að fjármögnun og undirbúningi rannsókna vegna mögulegrar nýtingar matþörunga við sunnanverðan Breiðafjörð og með Hafrannsóknastofnun, Matís og Agustson ehf. vegna fjármögnunar og undirbúnings rannsókna á sjálfbærri nýtingu hörpudisks. Þá var Náttúrustofan þátttakandi í umsókn um IPA-styrk til verkefnisins Watertrail ásamt Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða o.fl. Verkefnið fékk vilyrði um styrk en ekki varð af styrkveitingunni þar sem íslensk stjórnvöld slitu viðræðum við Evrópusambandið um aðildarsamning.

Algengt er að fólk leiti til Náttúrustofunnar með plöntur, pöddur, fugla, fiska eða bein til greiningar, eða vilji koma á framfæri tilkynningum um sjaldgæfa fugla eða önnur náttúrufyrirbæri. Stundum berast starfsmönnum Náttúrustofunnar einnig símtöl og tölvuskeyti um ólík málefni þar sem menn vilja gjarnan ræða ýmis hugðarefni. Náttúrustofan fagnar virkri þátttöku íbúa svæðisins í náttúruskoðun og hvetur þá til að láta vita af uppgötvunum sínum.

FYRIRLESTRAR 2011-2016

Fyrirlestrar starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands

1. ***Umhverfisvottun Snæfellsness*:** Theódóra Matthíasdóttir. Kynningarfundur með bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, Stykkishólmi 20. janúar 2011.
2. ***Framandi og ágengar tegundir á Íslandi***: Menja von Schmalensee. Fyrirlestur í röð fræðsluerinda Samtaka náttúrustofa, sem sendur var um fjarfundarbúnað til 16 staða vítt og breitt um landið, 27. janúar 2011.
3. ***Vöktun þrávirkra lífrænna eiturefna í íslenska hafarnarstofninum***: Kristín Ólafsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Elín V. Magnúsdóttir, Jörundur Svavarsson, Böðvar Þórisson, Hallgrímur Gunnarsson, Finnur Logi Jóhannsson, Þorvaldur Björnsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Ráðstefna um vöktun og rannsóknir á umhverfismengun á Íslandi, Öskju 25. febrúar 2011.
4. ***Sköpun atvinnutækifæra á Snæfellsnesi með hagnýtum rannsóknum á auðlindum sveðisins***: Róbert A. Stefánsson. Atvinnumálaráðstefna Sjálfstæðisfélagsins Skjaldar, Hótel Stykkishólmi, 7. mars 2011.
5. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynningarfundur með bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar, Grundarfirði 10. mars 2011.
6. ***Minkarannsóknir vegna átaksverkefnis***: Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Páll Hersteinsson. Ráðstefna umhverfisráðuneytisins um árangur veiðiátaks, Grand Hótel, Reykjavík, 14. mars 2011.
7. ***Umhverfisvottun Snæfellsness – starfsemin 2010***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynning á aðalfundi Héraðsnefndar Snæfellinga, 14. mars 2011.
8. ***Íslenski minkastofninn***: Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Páll Hersteinsson. Föstudagsfyrirlestur Líf- og umhverfisvísindadeildar Háskóla Íslands, Öskju, Reykjavík, 25. mars 2011.
9. ***Náttúrustofur***: Þorleifur Eiríksson, Þorsteinn Sæmundsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Jón Ágúst Jónsson, Ingvar A. Sigurðsson, Sveinn K. Valdimarsson og Róbert A. Stefánsson. Kynning á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands, 1. apríl 2011.
10. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Íbúafundur með kynningu á verkefninu, haldinn í Stykkishólmi 27. apríl 2011.
11. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynningarfundur fyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 10. maí 2011.
12. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynningarfundur með forstöðumönnum stofnana Snæfellsbæjar, ráðhúsi Snæfellsbæjar á Hellissandi, 11. maí 2011.
13. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynning fyrir bæjarstjórn Snæfellsbæjar, Hellissandi 11. maí 2011.
14. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Íbúafundur með kynningu á verkefninu, haldinn í Ólafsvík 11. maí 2011.
15. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Íbúafundur með kynningu á verkefninu, haldinn í Grundarfirði 16. maí 2011.
16. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynning á sumarfundi Félags Sorptimista á Snæfellsnesi, haldin á Gamla Rifi, 7. júní 2011.
17. ***Diet changes in American mink population in the Snæfellsnes Peninsula, West Iceland***: Rannveig Magnúsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, David W. Macdonald og Páll Hersteinsson. VIth European Congress of Mammalogy, París 20. júlí 2011.
18. ***Mink in Iceland***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning fyrir fulltrúa Tæknihaskóla V-Pommern í Szczecin, Póllandi. Ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 16. september 2011.
19. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Ráðstefnan „Umhverfisvottað Vesturland“ haldin af Framkvæmdaráði Snæfellsness í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands og Borgarbyggð, Hjálmakletti, Borgarnesi, 22. september 2011.
20. ***Umhverfisvottað Vesturland***: Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Ráðstefnan „Umhverfisvottað Vesturland“ haldin af Framkvæmdaráði Snæfellsness í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands og Borgarbyggð, Hjálmakletti, Borgarnesi, 22. september 2011.
21. ***Náttúrustofa Vesturlands 10 ára:*** Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Farið yfir sögu Náttúrustofunnar

og starfsemina fyrsta áratuginn í 10 ára afmælisfagnaði Náttúrustofu Vesturlands, ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 2. október 2011.

22. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands:*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning fyrir starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Mosfellsbæjar, ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 6. október 2011.
23. ***Ágengar plöntur í Stykkishólmi - kortlagning og aðgerðir***: Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Kynning fyrir starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Mosfellsbæjar, ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 6. október 2011.
24. ***Umhverfisvottun Snæfellsness og ruslið í Stykkishólmi:*** Theódóra Matthíasdóttir. Kynning fyrir starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Mosfellsbæjar, ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 6. október 2011.
25. ***Umhverfisvottun sveitarfélaga*:** Theódóra Matthíasdóttir. Fyrirlestur á málþinginu *Sjálfbær sveitarfélög* á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Selfossi 13. október 2011.
26. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning fyrir nemendur í áfanganum Ferðamálafræði (Fer 104) í Menntaskóla Borgarfjarðar, Borgarnesi, 19. október 2011.
27. ***Vágestir í náttúru Íslands***: Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Kynning fyrir nemendur í áfanganum Ferðamálafræði (Fer 104) í Menntaskóla Borgarfjarðar, Borgarnesi, 19. október 2011.
28. ***Er hægt að útrýma mink á Íslandi?*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á Náttúrustofuþingi í Neskaupstað, 26. október 2011.
29. ***Íslenski minkurinn og áhrif hans á dýralíf***: Róbert A. Stefánsson. Fyrirlestur fyrir nemendur í námskeiðinu „Vistfræði spendýra" við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Öskju, 8. nóvember 2011.
30. ***Minkur: Mökunar- og félagskerfi, landnotkun og útrýming***: Menja von Schmalensee. Fyrirlestur fyrir nemendur í námskeiðinu „Vistfræði spendýra" við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Öskju, 9. nóvember 2011.
31. ***Veirusjúkdómurinn plasmacytosis í villtum mink***: Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Eggert Gunnarsson og Páll Hersteinsson. Fyrirlestur á Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Öskju og Íslenskri erfðagreiningu 11.-12. nóvember 2011.
32. ***Náttúrustofur á Íslandi í nútíð og framtíð***: Þorsteinn Sæmundsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Jón Ágúst Jónsson, Ingvar A. Sigurðsson, Gunnar Þ. Hallgrímsson, Róbert A. Stefánsson og Þorleifur Eiríksson. Kynning á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands, 23. mars 2012.
33. ***Environmental certification in Snaefellsnes Peninsula***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynning fyrir nemendur í umhverfis- og sjálfbærnifræðum við Háskólann í Quebec, Stykkishólmi 9. maí 2012.
34. ***Mat á árangri tilraunaverkefnis um svæðisbundna útrýmingu minks***: Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Páll Hersteinsson. Kynning á lokafundi umsjónarnefndar verkefnisins með hluta af aðstandendum verkefnisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. maí 2012.
35. ***Snaefellsnes Peninsula - exciting nature and environmental certification***: Theódóra Matthíasdóttir. Kynning fyrir nemendur í umhverfisfræðum við Háskólann í British Columbia, Stykkishólmi, 15. maí 2012.
36. ***Fuglalíf á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð***: Róbert A. Stefánsson. Fyrirlestur á opnum fræðslufundi á Hótel Hellissandi, 23. maí 2012.
37. ***Mink in Iceland***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning haldin á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi fyrir nema og kennara við Hedemark University College, Noregi, 5. júní 2012.
38. ***EarthCheck certification of Snæfellsnes, Iceland - the experience***: Theódóra Matthíasdóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í Stokkhólmi, Hållbarhetscertifiering av turistdestinationer. 11. september 2012.
39. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN), ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 31. október 2012.
40. ***Minkur***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur fyrir nemendur í námskeiðinu „Vistfræði spendýra" við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Öskju, haustmisseri 2012.
41. ***Fer minkastofninn minnkandi?*** Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Rannveig Magnúsdóttir og Páll Hersteinsson. Fyrirlestur á Haustráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, 17. nóvember 2012 í Odda.
42. ***Diet changes in American mink population in Iceland***. Rannveig Magnúsdóttir, Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson, David W. Macdonald og Páll Hersteinsson. Fyrirlestur á ráðstefnu Vistfræðifélags Ástralíu (Ecological Society of Australia) í Melbourne, 5. desember 2012.
43. ***The rise and fall of a mink population.*** Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Rannveig Magnúsdóttir og Páll Hersteinsson. Fyrirlestur á ráðstefnunni Wild Musteloid Conference. The Biology and Conservation of wild mustelids, skunks, procyonids and red panda, Oxfordháskóla, 18.-21. mars 2013.
44. ***Lessons learned from an experimental mink eradication project in Iceland.*** Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson og Páll Hersteinsson. Fyrirlestur á ráðstefnunni Wild Musteloid Conference. The Biology and Conservation of wild mustelids, skunks, procyonids and red panda, Oxfordháskóla, 18.-21. mars 2013.
45. ***Síld og fuglar í Kolgrafafirði.*** Róbert A. Stefánsson. Fyrirlestur á Lionsfundi í Stykkishólmi, 11. apríl 2013.
46. ***Náttúrustofur á Íslandi (Samvinna um náttúrurannsóknir).*** Ingvar A. Sigurðsson, Gunnar Þ. Hallgrímsson, Jón Á. Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Þorkell L. Þórarinsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson. Fyrirlestur á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hótel Reykjavík Natura, 12. apríl 2013.
47. ***Fuglalíf og síldardauði í Kolgrafafirði.*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á opnum íbúafundi í Grundarfirði, 18. apríl 2013.
48. ***Umhverfisvottuð samfélög.*** Harpa Auðunsdóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Hela Norden Skal Leva, Reykjavík 19.-21. apríl 2013.
49. ***Environmental Certification of the Snæfellsnes Peninsula.*** Harpa Auðunsdóttir. Fyrirlestur um EarthCheck á Snæfellsnesi fyrir hóp nemenda frá Háskólanum í Quebec, Kanada. Stykkishólmi 9. maí 2013.
50. ***Environmental Certification of the Snæfellsnes Peninsula.*** Harpa Auðunsdóttir. Fyrirlestur um EarthCheck á Snæfellsnesi fyrir hóp nemenda frá Háskólanum í British Columbia, Kanada. Stykkishólmi 14. maí 2013.

51. ***EarthCheck certification of Snaefellsnes, Iceland – the experience*.** Theódóra Matthíasdóttir. Fyrirlestur fyrir hóp á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, SMART communities. Stykkishólmi 14. júní 2013.
52. ***Síldardauði og fuglalíf í Kolgrafafirði.*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á Degi umhverfisins, ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 16. september 2013.
53. ***American mink* Neovison vison *in Iceland - Diet by sex, habitat, season and years in the light of changing environment and population size***: Rannveig Magnúsdóttir. Doktorsvörn við Háskóla Íslands, 15. október 2013.
54. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands.*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á ársfundi Samtaka náttúrustofa, Hótel Reykjavík Centrum, Reykjavík, 7. nóvember 2013.
55. ***Fuglalíf við Kolgrafafjörð í ljósi síldargangna og –dauða***. Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
56. ***Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Tilkoma úttektar á lagalegri og stjórnsýslulegri stöðu og forsendur nefndar***. Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Auður L. Arnþórsdóttir og Hólmfríður Arnardóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
57. ***Vernd villtra fugla og spendýra.*** Tómas G. Gunnarsson, Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Auður L. Arnþórsdóttir og Hólmfríður Arnardóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
58. ***Nytjaveiðar á villtum dýrum á Íslandi***. Tómas G. Gunnarsson, Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Auður L. Arnþórsdóttir og Hólmfríður Arnardóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
59. ***Veiðar til að fyrirbyggja tjón. Hvenær og til hvers?*** Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Auður L. Arnþórsdóttir og Hólmfríður Arnardóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
60. ***Sjávarspendýr við Ísland. Er þeim tryggð fullnægjandi vernd og veiðistjórnun?*** Menja von Schmalensee, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Auður L. Arnþórsdóttir og Hólmfríður Arnardóttir. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
61. ***Áhrif skyldleika á frjósemi íslenskra hafarna***. Snæbjörn Pálsson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Fyrirlestur á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Líffræðirannsóknir á Íslandi, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.
62. ***Síld og fuglar í Kolgrafafirði.*** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fyrirlestur á fundi Lionsklúbbs Akraness, Akranesi, 19. nóvember 2013.
63. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fundur með forstöðumanni Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsfólki Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, Stykkishólmi, 6. febrúar 2014.
64. ***Rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli***: Róbert A. Stefánsson. Ráðstefna Vina Snæfellsjökuls um stöðu og framtíðarhorfur í starfsemi Þjóðgarðsins, Hótel Hellissandi, 14. mars 2014.
65. ***Refir og minkar***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Ársfundur Samtaka náttúrustofa. Reykjavík, 25. mars 2014.
66. ***Lagaleg staða villtra fugla***: Menja von Schmalensee. Aðalfundur Fuglaverndar, Reykjavík, 10. apríl 2014.
67. ***Fuglavöktun á Íslandi – þáttur náttúrustofa***: Þorkell L. Þórarinsson, Ingvar A. Sigurðsson, Jón Á. Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Þorleifur Eiríksson. Ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hótel Reykjavík Natura, 11. apríl 2014.

68. ***Wildlife in Iceland and the research activities of Náttúrustofa Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Stykkishólmi, 20. maí 2014.
69. ***Environmental Certification of the Snæfellsnes Peninsula – the experience***: Theódóra Matthíasdóttir. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Stykkishólmi, 20. maí 2014.
70. ***Effects of persistent organic pollutants on the breeding success of white-tailed sea eagles (*Haliaeetus albicilla*) in Iceland***: Kristín Ólafsdóttir, Elín V. Magnúsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee, Jörundur Svavarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson. Fyrirlestur á ráðstefnunni *Nordic Environmental Chemistry Conference, Reykjavík 11.-13. júní 2014.*
71. ***American mink in Iceland: State of the art and mink studies at Náttúrustofa Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Heimsókn pólskra sérfræðinga um mink og fuglaverndarsvæði. Stykkishólmi, 20. ágúst 2014.
72. ***Miljøcertificering af kommunerne i Snæfellsnes***: Theódóra Matthíasdóttir. NVF Norden - Miljø, seminar med fokus på sårbare miljøer. Norræn ráðstefna vegagerðarfólks, Hótel Stykkishólmi, 3. september 2014.
73. ***Sildedød indenfor vej-dæmninger i Kolgrafafjörður fjord***: Róbert A. Stefánsson. NVF Norden - Miljø, seminar med fokus på sårbare miljøer. Norræn ráðstefna vegagerðarfólks, Hótel Stykkishólmi, 3. september 2014.
74. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Kennsla í áfanganum LÍF303 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. FSN Grundarfirði, 8. september 2014.
75. ***Aðgerðir gegn ágengum plöntum í Stykkishólmi***: Róbert A. Stefánsson. Málþing SAMGUS, Reykjavík 25. september 2014.
76. ***Umhverfismál og umhverfisvottanir***: Theódóra Matthíasdóttir. Kennsla í áfanganum LÍF303 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. FSN Grundarfirði, 6. október 2014.
77. ***Minkur á Íslandi***: Róbert A. Stefánsson. Kennsla í áfanganum LÍF303 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Stykkishólmi, 24. október 2014.
78. ***Áhrif síldardauða á lífríki hafsbotns í Kolgrafafirði***: Valtýr Sigurðsson, Jón Einar Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Árni Ásgeirsson og Jörundur Svavarsson. Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar, Hörpu Reykjavík, 31. október 2014.
79. ***Burðarplastpokalaus Stykkishólmur***: Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Theódóra Matthíasdóttir. Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda, Hvolsvelli 6. nóvember 2014.
80. ***Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Erindi haldið á stjórnarfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Hótel Stykkishólmi, 3. desember 2014.
81. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Theódóra Matthíasdóttir. Erindi haldið á stjórnarfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Hótel Stykkishólmi, 3. desember 2014.
82. ***Síldardauðinn í Kolgrafafirði og áhrif hans á fugla, spendýr og botndýr***: Róbert A. Stefánsson. Kennsla í áfanganum LÍF303 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Stykkishólmi, 5. desember 2014.
83. ***American mink* Neovison vison *in Iceland*:** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Invasion Dynamics Network Workshop, Berlín 19. febrúar 2015.
84. ***Population regulation in the American mink***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. The 4th conference of the Ecological Society of Iceland, Stykkishólmi 23. mars 2015.
85. ***Aleutian disease in the American mink***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. The 4th conference of the Ecological Society of Iceland, Stykkishólmi 23.-24. mars 2015.
86. ***Burðarplastpokalaus Stykkishólmur***: Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson og Theódóra Matthíasdóttir. 4. ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Stykkishólmi 23.-24. mars 2015.
87. ***Náttúrustofa Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Kynning á fundi Lionsklúbbs Nesþinga, Hellissandi 24. mars 2015.
88. ***Vöktunarverkefni náttúrustofa***: Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Hermannsdóttir, Ingvar A. Sigurðsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir. Ársfundur Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hótel Reykjavík Natura, 27. mars 2015.
89. ***Flýgur fiskisagan – Viðbrögð fugla við síldargöngum í Breiðafjörð***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Náttúrustofuþing á Höfn, 8. apríl 2015.
90. ***Umhverfisvottun Snæfellsness***: Róbert A Stefánsson. Erindi haldið á Unaðsdögum á Hótel Stykkishólmi, 28. apríl 2015.
91. ***Síldardauðinn í Kolgrafafirði – Aðdragandi og eftirmál fyrir síld og fugla***: Róbert A. Stefánsson. Erindi haldið á Unaðsdögum á Hótel Stykkishólmi, 28. apríl 2015.
92. ***Hugsum áður en við hendum – Fyrirkomulag og árangur við sorphirðu í Stykkishólmi***: Róbert A. Stefánsson. Erindi haldið á Unaðsdögum á Hótel Stykkishólmi, 28. apríl 2015.
93. ***Wildlife in Iceland and the research activities of Náttúrustofa Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Ráðhúsloftinu, Stykkishólmi, 11. maí 2015.
94. ***Environmental Certification of the Snæfellsnes Peninsula – the experience***: Theódóra Matthíasdóttir. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Stykkishólmi, 11. maí 2015.
95. ***West Iceland Nature Research Centre***: Róbert A. Stefánsson. Erindi fyrir starfsfólk Umeaa Marine Science Centre. Ráðhúsloftinu Stykkishólmi, 30. september 2015.
96. ***Aðgerðir gegn ágengum plöntum – Reynslusaga úr Stykkishólmi***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Líffræðiráðstefnan, 6. nóvember 2015.
97. ***Aðgerðir gegn ágengum plöntum í Stykkishólmi***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Opið fræðsluerindi á ráðhúsloftinu í Stykkishólmi, 30. nóvember 2015.
98. ***Náttúrufar á Snæfellsnesi***: Róbert A. Stefánsson. Erindi og umræðufundur í námskeiðinu Átthaganám á Snæfellsnesi, 17. febrúar 2016.
99. ***Hunting sustainability of six Icelandic bird species***: Erpur S. Hansen, Kristinn H. Skarphéðinsson, Róbert A. Stefánsson, Þorkell L. Þórarinsson & Ólafur K. Nielsen. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Reykjavík 3. mars 2016.
100. ***Fuglar og spendýr sem talin eru valda tjóni***: Menja von Schmalensee. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Reykjavík 3. mars 2016.
101. ***Regnskógar norðursins***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Ársfundur Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands, Stykkishólmi, 15. apríl 2016.

102. ***Sjálfbærni fuglaveiða***: Kristinn H. Skarphéðinsson, Erpur S. Hansen, Róbert A. Stefánsson, Ólafur K. Nielsen og Þorkell L. Þórarinsson. Ráðstefna Umhverfisstofnunar, Reykjavík 15. apríl 2016.

103. ***Regnskógar norðursins***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Fundur Breiðafjarðarnefndar, Stykkishólmi, 28. apríl 2016.

104. ***Wildlife in Iceland and the research activities of Náttúrustofa Vesturlands***: Róbert A. Stefánsson. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Ráðhúsloftinu, Stykkishólmi, 12. maí 2016.

105. ***Environmental Certification of the Snæfellsnes Peninsula – the experience***: Theódóra Matthíasdóttir. Erindi fyrir hóp stúdenta og kennara við University of British Columbia. Stykkishólmi, 12. maí 2016.

106. ***A comparison of two eradication methods to control* Lupinus nootkatensis *spread in Iceland***: Kristín Svavarsdóttir, Menja von Schmalensee, Ása L. Aradóttir, Anne Bau & Róbert A. Stefánsson. Society for Ecological Restoration conference, Freisling, Germany, 22.-25. ágúst 2016.

107. ***Tilraunaverkefni um burðarplastpokalaust sveitarfélag***: Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson og Theódóra Matthíasdóttir. Ráðstefnan Saman gegn sóun, Reykjavík 9. september 2016.

108. ***Regnskógar norðursins***: Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Lionsklúbbur Stykkishólms, Stykkishólmi, 27. október 2016.

109. ***American mink population dynamics***: Róbert A. Stefánsson & Menja von Schmalensee. Invasive Species Dynamics Network (InDyNet) workshop, Berlín 23. nóvember 2016.

Gestafyrirlesarar

Á tímabilinu stóð Náttúrustofan fyrir fræðsluerindum fyrir almenning, þar sem fengnir voru sérfræðingar utan Náttúrustofunnar til að halda fyrirlestra. Þessi fræðsluerindi voru oft haldin í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Umhverfishóp Stykkishólms eða Framkvæmdaráð Snæfellsness:

1. ***Aldurssamsetning, veiði, viðkoma og stofnstærð lunda:*** Erpur Snær Hansen, líffræðingur á Náttúrustofu Suðurlands. Stykkishólmi, 26. janúar 2011.
2. ***Varpvistfræði lunda og endurheimt gamalla lundavarpa með tálfuglum í eyjum á suðursvæði Breiðafjarðar:*** Árni Ásgeirsson, líffræðingur á Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Stykkishólmi, 26. janúar 2011.
3. ***Þörunganytjar á Íslandi; nýtanlegar tegundir:*** Karl Gunnarsson, Hafrannsóknastofnun. Fyrirlestur á málþinginu „Forðabúr fjörunnar“, sem haldið var af Matís, Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Vesturlands á Hótel Stykkishólmi, 26. febrúar 2011.
4. ***Markaður fyrir matþörunga:*** Auðun Freyr Ingvarsson, Green in Blue. Fyrirlestur á málþinginu „Forðabúr fjörunnar“, sem haldið var af Matís, Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Vesturlands á Hótel Stykkishólmi, 26. febrúar 2011.
5. ***Þörungar sem matvæli:*** Þóra Valsdóttir, Matís. Fyrirlestur á málþinginu „Forðabúr fjörunnar“, sem haldið var af Matís, Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Vesturlands á Hótel Stykkishólmi, 26. febrúar 2011.

6. ***Hollusta, lífvirk efni í matþörungum***. Rósa Jónsdóttir og Hörður Kristinsson, Matís. Fyrirlestur á málþinginu „Forðabúr fjörunnar“, sem haldið var af Matís, Hafrannsóknastofnun og Náttúrustofu Vesturlands á Hótel Stykkishólmi, 26. febrúar 2011.
7. ***Fuglalíf á utanverðu Snæfellsnesi:*** Ellen Magnúsdóttir, Háskóla Íslands og Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Stykkishólmi, 28. febrúar 2012.
8. ***Svipmyndir frá Bjarnarey:*** Hálfdán H. Helgason, líffræðingur á Norsk Polarinstitutt. Stykkishólmi, 13. febrúar 2012.
9. ***Yfirlit um vistvæna orkugjafa:*** Sigurður Friðleifsson, Orkusetri. Fyrirlestur á málþinginu „Vistvænni samgöngur á Snæfellsnesi“, haldið af Umhverfishópi Stykkishólms, Framkvæmdaráði Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi, 13. nóvember 2012.
10. ***Metanvæðing – hver er staðan og hvað þarf til?*** Sigurður Ástgeirsson, Metanorku. Fyrirlestur á málþinginu „Vistvænni samgöngur á Snæfellsnesi“, haldið af Umhverfishópi Stykkishólms, Framkvæmdaráði Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi, 13. nóvember 2012.
11. ***Hvernig breyti ég heimilisbílnum í metanbíl?*** Gísli Sverrisson, MeGas ehf. Fyrirlestur á málþinginu „Vistvænni samgöngur á Snæfellsnesi“, haldið af Umhverfishópi Stykkishólms, Framkvæmdaráði Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi, 13. nóvember 2012.
